

Döftblaðið

fréttabréf Félags heyrnarlausra

2. tbl. 12. árg. desember 2011



Íslenskt táknaði loksins viðurkennt á Íslandi

Það er gaman að eiga heyrnarlausan kött

Aðgengi heyrnarlausra að ljósvakamiðlum er ábótavant á Íslandi

Töfrar tónlistar á táknaði

- | | | | |
|----|--|----|--|
| 2 | Varaformannspistill | 20 | Heyrandi börn heyrnarlausra foreldra. Hvað gerir þau ólík öðrum heyrandi börnum? |
| 3 | Pistill framkvæmdastjóra | 21 | Tinna táknmálsálfur bregður á leik í Landsbankanum |
| 4 | Íslenskt táknmál loksins viðurkennt á Íslandi | 21 | Ljóð og lög á íslensku og táknmáli á Menningarnótt |
| 7 | Söguspegill: Árið 1997 | 22 | Kunnátta CODA í íslensku raddmáli |
| 8 | Töfrar tónlistar á táknmáli | 23 | WFD ráðstefna í Durban, Suður Afríku |
| 9 | Döfmenntaskólinn hefst í janúar 2012 | 24 | Baráttan hjá heyrnarlausum heldur alltaf áfram |
| 9 | Félag heyrnarlausra fagnar viðurkenningu táknmáls | 26 | Réttarstaða heyrnarlausra og heyrnarskertra |
| 10 | Það er gaman að eiga heyrnarlausan kött | 27 | Óvissuferð aldraðra |
| 11 | Jóladagatal Sprotanna | 28 | Jólagleði |
| 12 | Líflegt starf aldraðra í Gerðubergi | 28 | Jólaball Litluputtalinga |
| 12 | Efling styður Félag heyrnarlausra í baráttu | 28 | Ferð með Gerðubergi til Hveragerðis |
| 13 | Kirkja heyrnarlausra í 30 ár | 28 | Vel sótt Páskabingó |
| 14 | Gerir upp bíla í tómsundum sínum | 29 | Doktorsvörn við Menntavísindasvið |
| 15 | Styrkur frá Pokasjóði | 30 | Sorpa veitir Félagi heyrnarlausra styrk |
| 15 | Félag heyrnarlausra í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka | 30 | Rafís veitir Félagi heyrnarlausra styrk |
| 16 | Aðgengi heyrnarlausra að ljósvakamiðlum er ábótavant á Íslandi | 30 | Íslendingar á alþjóðlegu keilumóti í Finnlandi |
| 18 | Ánægja með tvö tungumálanámskeið í Félagi heyrnarlausra | | |

Döfblaðið - Fréttabréf Félags heyrnarlausra, 2. tölublað - 12. árgangur - desember 2011

Útgefandi: Félag heyrnarlausra, Grensásvegi 50, 108 Reykjavík.
Sími: 561 3560, fax: 561 3567.
Netfang: deaf@deaf.is, veffang: www.deaf.is.
Ábyrgðarmaður: Heiðís Dögg Eiríksdóttir.
Ritstjóri: Kristinn Jón Bjarnason.
Prófarkalestur: Anney Þórunn Þorvaldsdóttir.
Auglýsingastjóri: Þröstur Friðbjósson
Umbrot: Kristinn Jón Bjarnason.
Hönnun á forsíðu: Vilhjálmur G. Vilhjálmsson.
Prentun: Litróf.
Ljósmyndir: Adam Skrzyszewski, Anna Jóna Lárusdóttir, Haukur Vilhjálmsson, Helgi Þ. Blöndal, Kristinn Jón Bjarnason, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og aðrar aðsendar myndir.
Stjórn Félags heyrnarlausra: Heiðís Dögg Eiríksdóttir, formaður, Guðmundur Ingason, varaformaður, Bernharð Guðmundsson, Hjördís Anna Haraldsdóttir og Kolbrún Völkudóttir.
Framkvæmdastjóri: Daði Hreinsson.
Upplag: 1.200 eintök.
ISSN: 1670-6013.

*Mynd á forsíðu:
Frá áhorfendapöllum
Alþingis 27. maí
2011. Þann dag var
táknmál viðurkennt
sem móðurmál
heyrnarlausra og mikið
fagnað. Myndina tók
Eggert/Morgunblaðið*



Varaformannspistill

Ágæti lesandi!

Nú þegar árið er að verða liðið, þá koma upp hjá mér þrjú góð atriði sem mig langar til að fara yfir með þér lesandi góður.

Í fyrsta lagi er afsökunarbeiðni frá ríkinu til allra sem vistaðir voru í heimavist Heyrnleysingjaskólans á sínum tíma. Sú afsökunarbeiðni yljaði mér um hjartaræturnar og vona ég að aðrir séu sama sinnis, jafnvel þeir sem fengu bætur frá ríkinu og eru kannski ekki alveg sáttir við ákveðna upphæð. En munum eitt, að sama hver upphæðin er þá mun það ekki friða okkur, en samt sem áður vona ég að við

finnum frið í hjarta okkar og látum þetta vera liðið, því batnandi manni er best að lifa.

Í öðru lagi var frumvarp um viðurkenningu tákn málsins. Ótrúlegur árangur eftir 30 ára baráttu! Þó svo við höfðum sigur skulum við ekki sofna á verðinum því við þurfum að vinna saman að því að minna á okkur og halda baráttunni áfram! Megum við vera mjög stolt af þessu því margar þjóðir þar á meðal Norðurlandþjóðir líta upp til okkar, litla Íslands sem stendur framarlega í sumum sviðum miðað við aðrar þjóðir. Eins og



okkar heiðvirða forsetafrú sagði á sínum tíma þegar landslið Ísland vann í handbolta: Ísland er stórasta land í heimi!!

Í þriðja lagi þá gladdi það mig óumræðilega mikið þegar forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson sæmdi Júlíu Guðnýju Hreinsdóttur fálkaorðu

vegna vinnu sinnar hjá Samskiptastöðid Heyrnarlausra og Heyrnarskertra. Við megum vera stolt af henni! Í huga mér kemur þessi málsháttur til Júlíu: Sælir eru hógværir, því þeir munu landið erfa.

Að lokum þegar nær dregur að jólum þá óska ég öllum landsmönnum gleðilegra jóla og nýárs og bið Guð að halda verndarhendi yfir okkur og Félagi heyrnarlausra.

Gleðileg jól!

*Guðmundur Ingason,
varaformaður Félags
heyrnarlausra*

FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

Pistill framkvæmdastjóra

Til hamingju heyrnarlausir! Til hamingju með viðurkenninguna á ykkar tungumáli sem jafnréttiháu íslenska tungumálinu. Barátta Félags heyrnarlausra fyrir viðurkenningunni á táknmálinu hefur tekið hátt í 30 ár. Í þriðju tilraun fór hún í gegnum þingið og var samþykkt. Hvað þýðir þetta í raun? Þetta er viðurkenning á menningu heyrnarlausra því án tungumáls er engin menning þannig að nú er hægt að tala um „döf menningu“. Réttindalega séð þá tryggir viðurkenningin betur aðgengi og réttindi heyrnarlausra á þjónustu á táknmáli og verður það hlutverk Félags heyrnarlausra næstu misseri að brýna fyrir fyrirtækjum og stofnunum

réttindi heyrnarlausra á túlka-þjónustu og aðgengi á sínu máli þ.e. táknmálinu.

Tilraunir með Skype túlkun hefur verið í gangi milli Samskiptamiðstöðvarinnar og Félags heyrnarlausra með iPad 3G tölvum. Fyrstu niðurstöður sýna augljóslega að tæknilega gerlegt er fyrir heyrnarlausra að hafa spjaldtölvu undir höndum og átt samskipti úti í bæ í gegnum túlk. Hvort Skype eða annað forrit verður notað þurfum við að skoða vel, en ljóst er að netsamband er orðið það gott að tæknilega er ekkert mál fyrir heyrnarlausra að eiga samskipti í gegnum skype túlkun.



Döfmenntaskóli hjá Mími-símenntun er að hefja göngu sína nú í janúar og sóttu 28 manns um nám í sem býður upp á 6 námsgreinar sem allar verða kenndar á táknmáli eða með túlk. Talið er að skipta verði hópnun í tvennt eða þrennt til að námsgerðin skili sér sem best til nemendanna. Anney Þorvaldsdóttir sem starfaði lengi í Samskiptamiðstöðinni er verkefnastjóri Döfmenntaskólans og vil ég hrósa henni sérstaklega fyrir áhugann og dugnaðinn að gera þetta nám mögulegt.

Eins hefur hið opinbera klárað sáttaboð til heyrnarlausra nemenda Heyrnleysingjaskólans frá árunum 1947 til 1992 sem almennt hefur verið samþykkt meðal heyrnarlausra og má segja að dómsátt hafi verið kveðin um þetta mál. Fögnum við því að heyrnarlausir getir horft fullir bjartsýni til framtíðar með sitt eigið tungumál í farteskinu og jákvæðni að leiðarljósi.

Það hefur mikill meðvindur verið í málefnum heyrnarlausra síðustu misserin og mikilvægt að fagna vel með gleði, jákvæðni og þakklæti. Það er gott að vera heyrnarlaus á Íslandi í dag.

*Daði Hreinsson,
framkvæmdastjóri
Félags heyrnarlausra*

Íslenskt táknmál loksins viðurkennt á Íslandi

Eftir Kristinn Jón Bjarnason

Í rúmlega tvo áratugi var viðurkenning táknmálsins sem móðurmál eða fyrsta mál heyrnarlausra eitt helsta baráttumál Félags heyrnarlausra. Nú hefur þessi viðurkenning loksins náð í gegn. Íslenska er nú opinbert mál á Íslandi og þess vegna er hægt að viðurkenna íslenska táknmálið. Þetta er einn stærsti áfangasigurinn í málefnum heyrnarlausra á Íslandi.

Árið 1986 komu fyrstu táknmálstúlkarnir til sögunnar á Íslandi á Norrænni menningarhátíð heyrnarlausra í Reykjavík. Smátt og smátt fór Félag heyrnarlausra að huga meira að hagsmunamálum og þá fór baráttan fyrir viðurkenningu táknmáls af stað þar sem heyrnarlausir urðu meðvitaðari um rétt sinn. Á þessum tíma hófst einnig baráttan fyrir því að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra yrði sett á fót. Sigurlín M. Sigurðardóttir skrifaði í Morgunblaðið í ágúst 1990 og sagði m.a. að viðurkenna yrði táknmálið til að „bjóða heyrnarlausum mannsæmandi líf í eigin þjóðfélagi“.

Lögin um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra frá 1990 voru einu íslensku lögin sem fjölluðu sérstaklega um táknmálið og stöðu heyrnarlausra þangað til táknmálsfrumvarpið var

samþykkt á Alþingi í maí síðastliðnum.

Árið 1996 taldi umboðsmaður barna það vera brot gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum að táknmál væri ekki viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Hann skoraði því á menntamálaráðherra „að sýna skilning og vilja í verki með því að eiga frumkvæði að því að íslenskt táknmál verði viðurkennt af löggjafans hálfu sem móðurmál heyrnarlausra barna á leikskóla- og grunnskólaaldri“, eins og segir orðrétt í bréfi umboðsmanns barna til ráðherra. Í álitum sem umboðsmaður barna gerði kemur fram að ákveðið skref hafi verið stigið til viðurkenningar á íslensku táknmáli sem móðurmáli heyrnarlausra í lögum um framhaldsskóla, sem voru samþykkt vorið 1996. Slíkum ákvæðum sé aftur á móti ekki til að dreifa í lögum um grunnskóla og leikskóla. Þetta telur umboðsmaður að brjóti í bága við rétt heyrnarlausra barna undir 16 ára aldri, sem kveðið er á um í jafnræðisreglu íslensku stjórnarskrárinnar og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, sem Ísland er aðili að. Svar menntamálaráðherra var að hugað yrði að þessum sjónarmiðum við gerð nýrra námskráa fyrir grunn



Frá mótmælinu í mars 2003 við Alþingishúsið. Mynd: Sóla.

og framhaldsskóla og við endurskoðun uppeldisstefnu fyrir leikskóla.

Svavar Gestsson þingmaður flutti þingsályktunartillögur um að íslenska táknmálið yrði móðurmál oftar en einu sinni á árunum 1997-1998. Í tillögnum var m.a. kveðið á um að táknmálið sem móðurmál snúist um það að tiltekinn hópur hafi rétt á því að taka þátt í öllum athöfnum þjóðfélagsins til jafns við aðra og að hann eigi því rétt á túlkun. „Jafnframt væri samfélagið með slíkri lagasetningu að ákveða að mennta túlka og að rannsaka og þróa íslenska táknmálið svo sem nauðsynlegt er,“ segir meðal annars í greinargerðinni. Tillagan hlaut góðar undirtektir þingmanna á Alþingi. Lýsti forsætisráðherra yfir stuðningi sínum og vilja til að vinna að bættum kjörum heyrnarlausra. Í mars 1999 afgreiddi menntamálanefnd málið á þessa leið: „Alþingi ályktar að menntamálaráðherra verði falið að láta gera athugun á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi í samburði við réttarstöðu heyrnarlausra í nágrannalöndunum

með það að markmiði að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins.“ Félag heyrnarlausra var ekki sátt við þessa niðurstöðu og sá fram á að málið yrði enn einu sinni grafið í nefnd. Félagið sendi því forsætisráðherra bréf þar sem hann var minntur á jákvæð orð sín á Alþingi. En um vorið 1999 voru alþingiskosningar sem breyttu aðeins landslaginu í stjórnámálum á Íslandi en sömu flokkar héldu um stjórnartaumana.

Á árinu 1997 var sérstaklega tekið fram í lögum um réttindi sjúklunga „að sjúklungi sem notar táknmál skuli tryggð túlkun á táknmáli til að fá upplýsingar“.

Árið 1999 komu út nýjar námskrár fyrir skólastigin þar sem táknmál er sérstök námsgrein og kennslumál heyrnarlausra skólubarna. Það má segja að stjórnvöld hafi viðurkennt táknmál sem fyrsta mál heyrnarlausra með því að setja táknmál í námskrár.

Árið 1999 vann Félag heyrnarlausra dómsmál gegn Ríkisútvarpinu. Niðurstaðan í dómsmálinu fól í sér að hluti íslensku

Þjóðarinnar eigi táknmálið að móðurmáli og í dómnum er því fólgin mikilvæg viðurkenning á táknmálinu. Þannig má segja að hæstiréttur hafi viðurkennt að íslenska móðurmálið sé ekki eitt heldur tvö; íslenska og íslenska táknmálið.

Í mars árið 2000 kynnti menntamálaráðherra skýrslu fyrir ríkisstjórninni sem byggir á könnun um réttarstöðu heyrnarlausra hérlendis og á Norðurlöndum. Þá kom í ljós að staða táknmálsins er að mörgu leyti sterk hér á landi, sérstaklega í skólakerfinu. Í kjölfar þessarar athugunar var skipuð nefnd með fulltrúum þriggja ráðuneyta og lauk hún störfum í september 2001 og skilaði af sér drögum að frumvarpi m.a. um rétt til túlkapjónustu.

Árið 2002 sendi félagið bréf til forsætisráðuneytis með ósk um viðræður um hvernig megi vinna að því að heyrnarlausir gætu umgengist móðurmál sitt á eðlilegan hátt og hvernig megi tryggja það lögum. Félaginu var tilkynnt að ráðherra gæti ekki veitt viðtöl.

Í desember 2002 kom Kolbrún Halldórsdóttir þingmaður með fyrirspurn til Tómasar Inga Olrich menntamálaráðherra í fyrirspurnartíma á Alþingi þar sem hún sagði m.a.: „Það er eins og málefni heyrnarlausra hafi orðið stjórnkerfinu of þung í vöfum því að á hverju ári skrifar Félag heyrnarlausra bréf til stjórnvalda þar sem óskað er svara og úrbóta í málefnum heyrnarlausra m.a. lögleiðingu

íslenska táknmálsins sem móðurmáls.

Félag heyrnarlausra efndi í mars 2003 til mótmæla við Alþingishúsið og krafðist þess að íslenska táknmálið fengist viðurkennt formlega í lögum og fólki yrði tryggð túlkapjónusta.

Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands, var gerð að sérstökum verndara táknmála á Norðurlöndum á Degi heyrnarlausra 2003. Batt Norðurlandaráð heyrnarlausra miklar vonir við að ná fram baráttumálum sínum með Vigdísu innan sinna raða.

Árið 2003 flutti Sigurlín Margrét Sigurðardóttir annað frumvarp til laga um viðurkenningu á íslenska táknmálinu sem fyrsta máli heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra á Alþingi. Ári síðar endurflutti Sigurlín Margrét frumvarpið.

Í mars 2005 sendi Félag heyrnarlausra stjórnarskrárnefnd tillögu þar sem formlega var óskað eftir því að íslenskt táknmál yrði tekið inn í stjórnarskrá Íslands samhliða íslensku máli. Félag heyrnarlausra vill að í stjórnarskránni verði ákvæði um íslenskt táknmál, sem fyrsta mál heyrnarlausra Íslendinga, þeirra móðurmál og táknmálið öðlist þannig viðurkenningu. Félagið hefur einnig sent öllum stjórnmalaflokkum á Íslandi bréf þar sem óskað er eftir stuðningi þeirra við tillöguna.

Í febrúar 2007 sendi Félag heyrnarlausra öllum alþingismönnum áskorun þar sem farið var m.a.



Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, þáverandi varapingmaður heldur ræðu á táknmáli í Alþinginu við upphaf 130. löggjafabings. Mynd: Skrifstofa Alþingis / Bragi Þór Jósefsson.

fram á að táknmál yrði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra og allt efni í sjónvarpi yrði textað svo heyrnarlausir ættu greiðari aðgang að upplýsingum.

Á svipuðum tíma flutti Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og fleiri frumvarp í þriðja sinn um að táknmál yrði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Frumvarpinu var þá vísað í menntamálanefnd Alþingis eins og fyrr.

Í mars 2007 afhenti Félag heyrnarlausra Sólveigu Pétursdóttur, forseta Alþingis, lista með tæplega 3.000 undirskriftum til stuðnings við félagið og réttindabaráttu heyrnarlausra. Geir H. Haarde þáverandi forsætisráðherra var viðstaddur. Undirskriftasöfnunin fór fram að frumkvæði Valdísar Jónsdóttur, talmeinafræðings. Sólveig sagði að hin miklu viðbrögð sýndu hversu góðan stuðning félagið og réttindabaráttu þess nyti í reynd í samfélaginu.

Sagðist hún vonast til að þetta ýtti á þingmenn að samþykkja fyrir þinglok táknmálsfrumvarp sem var þá í menntamálanefnd, enda væri lykilatriði að íslenskt táknmál yrði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra.

Táknmálsfrumvarp Sigurlínar Margrétar o.fl. komst ekki úr menntamálanefnd Alþingis og sagði Sigurður Kári Kristjánsson, þáverandi formaður menntamálanefndar Alþingis, að frumvarpið hafi ekki verið samþykkt því ekki hafi legið fyrir mat á þeim kostnaði sem lög um táknmál heyrnarlausra hefði í för með sér. Félag heyrnarlausra gaf út yfirlýsingu þar sem það harmaði mjög að frumvarp um viðurkenningu á íslensku táknmáli hafi ekki náð í gegn á þinginu. „Þetta hefur slæm áhrif á heyrnarlausra í samfélaginu þar sem barist hefur verið fyrir réttindum heyrnarlausra í áratugi. Máli heyrnarlausra var enn vísað frá við þinglok“, eins og var sagt í yfirlýsingunni.

Á degi íslenskrar tungu

VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA



Íslandsbanki



HOTEL RANGÁ
Luxury Resort & Dining
★★★★★

Lánamöguleikar vegna sérparfa:

- Hámarksupphæð 8 milljónir
 - Fastir vextir án uppgreiðsluákvæðis
 - Lántökugjald 0,5% af lánsupphæðinni
-
- 90% af kaupverði eða byggingarkostnaði
 - 90% af viðbótar- og endurbótakostnaði

Aukalán vegna sérparfa

Peir sem hafa skerta starfsorku, eru fatlaðir eða hreyfihamlaðir geta fengið aukalán til að gera breytingar á íbúðarhúsnæði eða til að kaupa eða byggja húsnæði vegna sérparfa sinna. Lánið kemur til viðbótar 20 milljóna króna hámarksláni Íbúðalánasjóðs eða öðrum fasteignaveðlánnum að hámarki 20 milljónum. Einnig er heimilt að veita aukalán til forsvarsmanna þeirra sem búa við sérparfir.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs www.ils.is, ils@ils.is eða í síma 569 6900 og 800 6969.

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími : 569 6900, 800 6969



Íbúðalánasjóður



Frá mótmælinu í mars 2003 við Alþingishúsið. Mynd: Sóla.

2008 taldi íslensk málnefnd brýnt að réttarstaða íslenska táknmálsins yrði tryggð, það viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og dauflindra og jafnréttátt íslensku.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 1. febrúar 2011 var samþykkt að Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra legði fram frumvarp á Alþingi um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Þann 24. febrúar 2011 mælti Katrín Jakobsdóttir, ráðherra því fyrir frumvarpi sínu. Þverpólitísk samstaða var um þetta mál og sögðu þingmenn málið vera sögulegan áfanga. Þann 27. maí var frumvarpið samþykkt með 35 greiddum atkvæðum sem sögðu já, enginn sagði nei og 27 þingmenn voru fjarverandi. Heyrnarlausir í merktum bolum fylltu þingpalla þegar frumvarpið og umræðan var túlkuð á táknmál. Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, sagði sögu táknmálsins, vera sögu heyrnarlausra og því væri dagurinn stór dagur í réttindabaráttu þeirra. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sagði: „Þetta er mikill

gleiðidagur.“ Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist vera stolt af þeim menntamálaráðherrum, sem hefðu unnið að málinu og stolt af því að vera þingmaður á Alþingi Íslendinga sem ætlaði að gera þetta frumvarp að lögum.

Mikil fagnaðarlæti brutust út á meðal heyrnarlausra þegar fréttin barst út og var henni fagnað mjög. Þann 7. júní 2011 skrifuðu handhafar forsetavaldsins undir lögina, þ.e. forsætisráðherra, forseti hæstaréttar og forseti Alþingis.

Alheimssamtök heyrnarlausra óskuðu Íslendingum til hamingju með nýju lögina sem staðfestu íslenskt táknmál sem jafngilt tungumál íslenskunní. Heyrnarlausir á Íslandi hafa búið við einangrun sem þarf að rjúfa til að þeir standi jafnfætis öðrum íslenskum þegnum.



Árið 1997: Íslenskt táknmál er okkar mál

Myndir: Helgi Þ. Blöndal



Dagana 28. september til 9. nóvember 1997 stóð Félag heyrnarlausra fyrir miklu kynningarátaki undir merkinu „Íslenskt táknmál er okkar mál“. Auglýst var á strætisvagnaskýlum víðsvegar um borgina. Félag heyrnarlausra og Skeljungur hf. gerðu með sér samning um samvinnu í auglýsingaátaki. Þá var 50 manna hópur frá nokkrum afgreiðslustöðvum Skeljungs á höfuðborgarsvæðinu sem fór á námskeið hjá félaginu þar sem kenndar voru samskiptareglur við heyrnarlausra og táknmál.

Námskeið þetta var liður í átaki hjá Félagi heyrnarlausra til þess að rjúfa félagslega einangrun og stuðla að betra aðgengi heyrnarlausra í samfélaginu. Námskeiðið var líka liður í því að upplýsa almenning um heyrnarlausra og draga úr fordómum.



Töfrar tónlistar á táknmáli

Félag heyrnarlausra hélt tónleika í Langholtskirkju fimmtudaginn 6. október. Um 325 manns mættu á tónleikana og þóttu þeir heppnast vel.

Á tónleikunum var tvinnuður saman tónlistarflutningur landsþekktara tónlistarmanna og heyrnarlausra listamanna sem táknuðu tónlistina á táknmáli. Samflutningur gaf texta tónlistarinnar nýjar víddir en tónlist, flutt á táknmáli, er falleg tjáning á innihaldi textans og saman myndaðist einstök upplifun almennings á tónlistinni.

Tónleikarnir voru haldnir vegna viðurkenningar á íslenska táknmálinu sem jafnrétttháu íslensku þjóðtungunni og átti að sýna almenningi að hægt er að hlýða á fallega tónlist bæði með sjón og heyrn. Félagið hefur fullan hug á að fara í frekari tónlistaverkefni og má nefna jólatónleikana í Langholtskirkju í desember sem voru fluttir á táknmáli.



Í lok tónleikanna



Rannveig Íva Asparsdóttir og Hulda M. Halldórsdóttir



Páll Rósinkranz og Anna Jóna Lárusdóttir



Guðrún Gunnarsdóttir og Eyrún Ólafsdóttir




Kolbrún Völkudóttir og Egill Ólafsson




Klappað í lok tónleikanna



Hörður Torfa og Elsa G. Björnsdóttir



Táknmálskórinn



Frá vinstri; Heiðís D. Eiríksdóttir, Guðmundur Ingason og Örn Arnarson

Döfmenntaskóli hefst í janúar 2012



Döfmenntaskólinn er sérsniðið nám fyrir heyrnarlausra sem hefur verið próað hjá Mími símenntun. Námið hefst í janúar 2012 og verður 300 kennslustundir. Byggt er á námskrá Grunnmenntaskólans frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Markmiðið með þessu verkefni er þrjúþætt:

- Að koma til móts við heyrnarlausra sem farið hafa á mis við grunnenntun með því að greiða fyrir þátttöku þeirra í skólastarfi
- Að hækka menntunarstig heyrnarlausra í landinu og bjóða upp á menntunarræði sem ekki hafa áður verið til staðar
- Að þátttakendur öðlist sjálfsöryggi til þess að afla sér frekari menntunar

Kennt verður eftir námskrá Grunnmenntaskólans en námsþættir aðlagðir að þörfum hópsins, þ.e. nýtt námsefni búið til og annað aðlagð. Verkefnið er unnið í samvinnu við helstu sérfræðinga landsins á þessu sviði. Til dæmis verður stór hluti kennslu og námsefnisgerðar í höndum heyrnarlausra sérfræðinga. Samstarfsaðilar eru Efling stéttarfélag, Félag heyrnarlausra og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Ákall um menntun hefur verið áberandi innan hópsins og við skipulagningu þessa náms er leitast við að mæta þeirri þörf. Nálgun við nemendur verður á jafningjagrundvelli og kennsla verður að stórum hluta á táknmáli. Mikilvægt er að rjúfa þá einangrun sem heyrnarlausir hafa búið við

Námið hefst 12. janúar. Kennt verður síðdegis þriðjudaga og fimmtudaga og annan hvern laugardag. Útskrift verður í lok júní 2012.

Námshæfingar verða: stærðfræði, íslenska, enska, málfræði táknmáls, tölvur og upplýsingatækni, námstækni, sjálfstyrking og náms- og starfsráðgjöf. Heimavinna verður í lágmarki en mætingarskylda verður í tímana.

Mímir-símenntun er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og starfar á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar. Eitt af meginmarkmiðum Mímis er að veita fullorðnum einstaklingum sem hafa stutta skólagöngu að baki tækifæri til náms.

Félag heyrnarlausra fagnar viðurkenningu táknmáls

Myndir: Haukur Vilhjálmsson

Föstudaginn 27. maí náðist stór áfangi í sögu heyrnarlausra þegar Alþingi viðurkenndi táknmál sem fyrsta mál þeirra. Mikil fagnaðarlæti brutust út á meðal táknmálstalandi einstaklinga þegar fréttin barst út og var henni fagnað mjög. Af því tilefni var mikil fagnaður í Félagi heyrnarlausra sama kvöld og komu vel yfir 150 manns en félagið bauð upp á freyðivín og meðlæti í tilefni dagsins. Hér á síðunni eru nokkrar svipmyndir frá fagnaðinum.



Það er gaman að eiga heyrnarlausan kött

viðtalið tók Kristinn Jón Bjarnason

Það gæti verið áhugavert að eiga heyrnarlausan kött. Ef liturinn á feldinum á kettinum er hvítur þá er einhver möguleiki að hann sé heyrnarlaus. En hvað veldur því að hvítar kisur eru oft heyrnarlausar? Genið sem ræður hvíta litnum er með galla sem oft veldur heyrnarleysi. Heyrnarlausir kettir geta átt gott líf eins og aðrar kisur. Talið er að kisurnar viti ekki að þær séu heyrnarlausar sem gerir þær svolítið öðruvísi en aðra kisur.

Steinunn og Trausti eiga hvítan kött sem heitir Tobbi. Bróðir Tobba er Hvítmundur sem Miyako á. Við heimsóttum Hvítmund og Tobba og fengum að taka stutt viðtöl við eigendur þeirra.

Vinkona Miyako sagði við hana þegar hún vissi að heyrnarlaus kettlingur væri væntanlegur: „Þið fáið himnasendingu!“ Já, Hvítmundur var himnasending til þeirra að norðan. „Hann ólst upp fyrstu mánuðina á bóndabæ í sveitinni með mömmu sinni og mörgum systkinum. Hann er alveg hvítur, annað augað er blátt og hitt venjulegt kattarauga. Það tók tíma fyrir okkur öll að kynnast hvert öðru, sérstaklega fyrir Hvítmund þar sem umhverfið var allt annað. Hann lærði klósett málin strax á fyrsta degi“ segir Miyako.

„Heima hjá okkur eru blómapottar í gluggakistum í stofunni. Hann labbar svo klaufalega og stundum ofan á pottunum þannig að pottarnir detta og brotna. En hann heldur áfram að labba án þess að sýna nein viðbrögð enda þarf hann ekki að hafa neinar áhyggjur. Hann labbar eins og hann viti ekki einu sinni að blómapottarnir mínir hafa brotnað. Hann er king of the road. Satt að segja veit ég ekki hve marga potta hann hefur brotið. Svo hefur hann gaman af að borða jólakaktus og friðarblóm sem eru í gluggakistunum en hann lætur hin blómin eiga sig. Maður vonaði alltaf að þetta myndi lagast, en það gerðist ekki þannig að við ákváðum að færa alla blómapottana sem eftir voru í annað herbergi sem hægt er að loka“, segir Miyako.

Miyako segir að hann elti sig alltaf og sé mjög mikill keppnisköttur. Þegar hún er að fara upp og niður stiga, vill hann keppa við hana um hver verður á undan og yfirleitt vinnur hann. „Síðustu jól voru fyrstu jólin hans hjá okkur. Við vorum boðin út á gamlárskvöld en flýttum okkur heim vegna hans, áður en fólkíð byrjaði að skjóta flugeldunum. Hann var pínulítið órólegur en á þrettándanum var hann óhræddur og horfði upp til himins og fylgdist vel með. En hann er mjög næmur. Þegar ég kem heim, kemur hann yfirleitt að taka á móti mér en ég veit ekki hvaðan hann kemur og hvernig



Steinunn L. Þorvaldsdóttir ásamt Tobba


hann veit að ég er komin“, segir Miyako.

„Hvítmundur virðist vera mjög sáttur við að vera inniköttur. Í sumar fékk hann mörg tækifæri til að fara út en var mjög varkár. Hann skreið á fjórum fótum í garðinum eins og skjaldbaka og var ekki neitt hoppandi af gleði fara út. Þegar við opnum útihurð, er hann bara að þefa en ekkert að reyna að fara út“, segir Miyako.

Hvítmundur er mjög sjálfstæður. Hann er ekki mikið fyrir að láta klappa sér, knúsa sig eða láta halda sér. „Samt þegar ég held á honum, þá heyrir hann og hann er alltaf tilbúinn að sleppa frá mér. Hann kemur t.d. ekki upp í fangið á manni. Hann vill frekar vera uppi á sjónvarpinu eða uppi á borði þar sem hann getur séð yfir. Hann elskar blöð, sérstaklega Fréttablaðið, bækur og pappír. Stundum les hann bók, reynir að fletta blaðsíðunum og taka stafina af. Svo er hann hrifinn af öllum snúrum og er búinn að skemma nokkrar. Hann leikur sér við golfkúlur og

hefur fengið „hole in one“ og hann spilar á gítar á sinn hátt. Okkur hefur ekki tekist að ala hann vel upp þar sem hann leikur sér að matnum sínum. Hann borðar þurrmat sem er hjartalaga og tekur hann stykki af diskunum og eltir hingað og þangað. Þegar ég ryksuga undir ísskápnum, þá kemur fullt af matnum hans í ljós“, segir Miyako.

„Við þurfum ekki að sýna honum matinn. Maturinn hans er alltaf á sama stað og hann borðar þegar hann er svangur. Ef vantar mat í skálina, þá lætur hann okkur vita með því að nudda sér upp við lappirnar á okkur. En þegar við erum að borða, þá kemur hann undantekningarlaust líka til að borða. Hann er þar sem við erum eða við erum þar sem hann er, nema þegar hann er sofandi. Hann á eigið rúm en hann kys frekar að sofa í pappakassa sem er A4 stærð á skrifborðinu sem okkur finnst allt of lítill en hann er flinkur að koma sér vel fyrir eða í pappakassa á gólfinu. Honum finnst



Hvítmundur í upáhaldsrúminu sínu.

Örugglega gott að sofa í afmörkuðu svæði, útskýrir Miyako.

Að lokum sagði Miyako að Hvítmundur tali íslenskt táknmál með aðstoð.

Steinunn segir að kostirnir séu að heyrnarlausir kettir þoli náttúrulega hávaða mikið betur og verði ekki taugastrekkir. TYPÍSKT DÆMI UM ÞAÐ ER GAMLÁRSKVÖLD. Þá sitji hann bára í glugganum og finnist mjög gaman að sprengingunum á meðan aðrir kettir séu á mörkum taugaáfalls. Það er líka hægt að ryksuga án þess að hann flýi undir rúm. Tobba fannst mjög gaman að leika sér með ryksugunni þegar hann var kettlingur.

Þau fengu köttinn í september í fyrra og þá var Tobbi tveggja mánaða gamall. „Við vorum búin að ákveða að Tobbi ætti að vera inniköttur, en hann mjálmaði mjög hátt og varð alveg vitlaus að komast út. Þannig endaði með því að við leyfðum Tobba að fara aðeins út“, segir Steinunn. Trausti bæti við og segir að fyrst hafi hann verið á pallinum en svo úti í lengri tíma í einu. Þetta gekk brösuglega fyrst þar sem það eru nokkrar hættur

fyrir heyrnarlausan kött að vera úti. „Í fyrstu skiptin kom hann slasaður heim og var greinilega búíð að ráðast á hann, þar sem hann var bitinn og rauður á feldinum af blóði. En það gréi fljótt og hann var alveg sjúkurlaus um að það eru margar hættur fyrir heyrnarlausar kisu að vera úti, þar sem kötturinn getur ekki skynjað“ segir Trausti. „Hann heyrir náttúrulega ekkert í bilum og heldur ekki í aðvörunarhljóðum hunda og katta (urr, hvæs og gelt) og er ekki hræddur við neitt eða neinn sem getur orðið hættulegt ef hann myndi hitta á árasagjarnt dýr. En þetta gengur allt miklu betur núna og hann er mjög var um sig“, segir Trausti.

Steinunn segir að það sé öðruvísi með heyrnarlausu kisu þar sem heyrandi kisu geta t.d. heyrt þegar verið er að opna kattamat í dós en það þarf að sýna Tobba matinn og þá hleypur hann fram í eldhús til að borða hann. „Tobbi er mjög kelinn og malar mjög oft“, segir Steinunn að lokum.

Jóladagatal Sprotanna



Jóladagatal Sprotanna hófst fimmtudaginn 1. desember síðastliðinn. Sagan er flutt á táknmáli og naut Landsbankinn liðsinnis Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra við flutning á verkinu og kunnum við þeim góðar þakkir fyrir samstarfið. Höfundur og sögumaður er Felix Bergsson en Kári Gunnarsson myndskreytti. Tónlist er eftir Jón Ólafsson.

Sagan í ár er splunkuný og heitir Listahátíðin. Listahátíðin er fjörug saga um vináttu, samvinnu og ábyrgð. Hún fjallar á skemmtilegan hátt um ævintýri Sprotanna sem geta verið sjálfhverfir og stríðnir en líka úrræðagóðir og skemmtilegir. Hægt er að fylgjast með ævintýrinu á Sproti.is þar sem nýir kaflar eru birtir á hverjum degi fram að jólum.

Sprotahappdrætti

Allir félagar í Sprotunum eiga möguleika á því að vinna skemmtilega gjöf í desember. Heppnir Sprotafélagar fá óvæntan glaðning sendan heim til sín í pósti en nöfn vinningshafa eru birt á hverjum degi fram að jólum á Sproti.is.

Sprotarnir

Sprotarnir eru talsmenn barnaþjónustu Landsbankans. Þeir eru alveg sprúðlandi skemmtilegir og ekki síður skynsamir í fjármálum. Á vef Sprotanna má fylgjast með spennandi ævintýraheim Sprotanna og kynnst þeim betur.

Landsbankinn hf.

 Vífelfell


SAMHENTIR
UMBÜÐALAUSNIR

Líflegt starf aldraðra í Gerðubergi

Eftir Önnu Jónu Lárusdóttur



Starfið hjá öldruðum heyrnarlausum hefur verið líflegt í Gerðubergi en í fyrra hittust aldraðir heyrnarlausir þar einu sinni í viku. Í dag er komið saman tvisvar sinnum í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum, og borðað í hádeginu. Eftir matinn er spjallað yfir kaffi og kexi. Eldri heyrnarlausir eru mjög duglegir að mæta og koma oftast um 15-20 manns í Gerðuberg en þar er mjög notalegt umhverfi. Að sjálfsgöðu eru heyrnarlausir á öllum aldri velkomnir.

Stundum eru nokkrir fyrirlestur í boði og m.a. hefur verið fyrirlestur frá heyrnarlausum. T.d hefur Heiðdís Dögg Eiríksdóttir hjúkrunarfræðingur haldið fyrirlestur um heilsu og mælt blóðþrýsting. Ragnheiður Þorgilsdóttur kom einnig til að halda fyrirlestur um undirbúning þess að fara á eftirlaun og finna sér skemmtilegar og jákvæðar tómstundir og stunda hreyfingu ásamt því að virða og vera góð hvort við annað.

Miyako hefur haldið messu fyrir aldraða í Grensáskirkju einu sinni í mánuði en því var breytt og er nú messa í Gerðubergi mánaðarlega. Þessar bænastundir eru yndislegar og öllum mikilvægar.

Teymisfundur er haldinn á tveggja mánaða fresti. Ákveðið hefur verið að lækka aldurstakmark í deild aldraðra í 55 ára úr 60 ára. Sjóður sem stofnaður hefur verið niðurgreiðir starf fyrir 60 ára og eldri. Umsjón með starfi aldraðra hefur Anna Jóna Lárusdóttir, félagsmálafulltrúi.

Félag heyrnarlausra óskar félagsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum gott samstarf og stuðning á árinu sem er að líða.

Efling styður Félag heyrnarlausra í baráttu fyrir viðurkenningu táknmálsins



Þróstur Friðþjófsson, markaðs- og fjárflyunarstjóri Félags heyrnarlausra, tekur við styrknum frá Eflingu frá Sigurrósu Kristinsdóttur varaformanni Eflingar

Stjórn og starfsfólk Eflingar-stéttarfélags hefur stutt þá kröfu Félags heyrnarlausra að táknmálið hljóti opinbera viðurkenningu. Þetta eru grundvallar mannréttindi sem heyrnarlausir hafa farið fram á og barist fyrir í þrjá áratugi. Efling hvatti Alþingi Íslendinga til að viðurkenna táknmálið sem er grunnur að öðrum réttindum þessa hóps svo sem til túlkunar, aukinna tækifæra í menntun og tryggara umhverfi fyrir nýfædd heyrnarlaus börn.

Stuðningur Eflingar fólst í því að kaupa boli til heiðurs tákmalinu fyrir stjórn og starfsfólk félagsins og veita því styrk. Af því tilefni skrifaði Sigurlín Margrét Sigurðardóttir grein um táknmálið í fréttablað Eflingar - stéttarfélags.

Þökkum við hjá Félagi heyrnarlausra Eflingu kærlega fyrir stuðninginn við þetta mikilvæga baráttu- og réttindamál heyrnarlausra.



Þrjátíu ára afmæli kirkju heyrnarlausra

Um þessar mundir á Kirkja heyrnarlausra 30 ára afmæli.

Kirkjuleg þjónusta á Íslandi fyrir heyrnarlausra var mjög lítil á 20. öldinni. Heyrnarlausir voru fermdir en fengu takmarkaða fermingarfræðslu þar sem enginn skyldi málið þeirra.

Árið 1977 óskaði herra Sigurbjörn Einarsson biskup eftir því við Kristínu Sverrisdóttur sem þá var í sérkennaranámi í Noregi að hún tæki starfið að sér. Kristín hafði þá verið í kirkjulegu starfi í fjölda ára. Kristín kynnti sér þá kirkjuleg málefni heyrnarlausra í Noregi. Eftir að Kristín kom heim um áramótin 1978-1979 tók hún að sér að sinna kirkjulegu starfi fyrir heyrnarlausra á vegum kristnisjóðs ásamt því að kenna kristinfræði við Heyrnleysingjaskólann. Kristín sinnti þessu starfi til ársins 1981.

Markmið Félags heyrnarlausra hafði verið að heyrnarlausir myndu fá prest sem gegndi þessu starfi eingöngu og gæti sjálfur annast allt starf. Miyako Þórðarson hafði lokið námi í guðfræðideild Háskóla Íslands og leitaði Félagið til hennar um að hún léti vígjast til heyrnleysingjaprests ef yfirvöld leyfðu. Séra Miyako hafði lært táknmal og sýnt málefnum heyrnarlausra mikinn áhuga. Málin náðu ekki fram að ganga fyrr en herra Pétur Sigurgeirsson var kjörinn biskup. Hann fékk Friðjón Þórðarson, kirkjumálaráðherra til fylgls við málið.

Séra Miyako var vígð í Dómkirkjunni sunnudaginn 13. desember 1981. Dómkirkjan var þéttsetin heyrnarlausum kirkjugestum. Höfðu heyrnarlausir nú prest sem gat talað þeirra



Jeremy Sebelius, djákni; Séra Miyako Þórðarson, prestur; Séra Birgir Ásgeirsson, prófastur. Mynd: Adam Skrzyszewski

mál og þar með urðu þáttaskil í kirkjulegu starfi heyrnarlausra á Íslandi.

Hátíðarguðsþjónusta í tilefni af 30 ára afmæli kirkju heyrnarlausra var haldin sunnudaginn 11. desember í Grensáskirkju og boðið var í afmæliskaffi eftir messuna í safnaðarheimili kirkjunnar. Áformað var að biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, kæmi en hann forfallaðist og í stað hans ávarpaði séra Ólafur Jóhannesson söfnuðinn. Séra Birgir Ásgeirsson prédikaði. Jeremy Sebelius, djákni, fór með trúarjátninguna með söfnuðinum. Táknmálaskórin söngur undir stjórn Eyrúnar Ólafsdóttur ásamt Stúlnakór undir stjórn Margrétar Pálmadóttur. Kolbrún Völkudóttir flutti ljóð og Englakórinn söng. Organisti var Árni Arinbjarnarson og prestur sr.

Miyako Þórðarson.

Kirkja heyrnarlausra er söfnuður karla, kvenna og barna hér á landi sem nota íslenskt táknmal sem sitt fyrsta mál. Kirkjan er ekki bundin við ákveðið byggðarlag eða hverfi eins og sóknarkirkjur landsins

heldur nær hún til landsins alls og þjónar öllu heyrnarlausu fólki hvar sem það býr í landinu, en flestir heyrnarlausir eru þó búsettir í Reykjavík og nágrenni.

Messugjörðir og aðrar kirkjuathafnir fara fram á táknmáli. Táknmálaskórin hefur starfað frá upphafi stofnunar Kirkju heyrnarlausra og flytur sálma á táknmáli og er sá eini sinnar tegundar á öllum Norðurlöndum. Almenn guðsþjónusta er haldin í Grensáskirkju mánaðarlega. Önnur safnaðarstörf eins og fermingarkennsla fer fram í Hlíðaskóla, helgistund í Gerðubergi, helgistund í DAS vikulega og samverustund íbúa sambýlis einu sinni í mánuði.

Séra Miyako hefur átt stóran þátt í að gera kirkjustarfið gott fyrir heyrnarlausra á Íslandi og unnið gífurlega fórnfúst starf í þágu heyrnarlausra. Hún hefur annast allar kirkjulegar athafnir í lífi heyrnarlausra og verið sálusorgari á erfiðum stundum.

Félag heyrnarlausra biður fyrir hamingjuóskir til Kirkju heyrnarlausra og vonar að kirkjan dafni vel um ókomna framtíð.



Táknmálaskórin. Mynd: Adam Skrzyszewski

Gerir upp bíla í tómstundum sínum

Viðtalið tók Kristinn Jón Bjarnason

Flestir þekkja Hallbjörn Hjartarson í tengslum við Kántrýbæ á Skagaströnd. Hallbjörn er eiginlega kúreki Norðursins og var með útvarpsstöð á efri hæð Kántrýbæjar, þar sem hann sendi út kántrýtónlist.

Hallbjörn Ómarsson er heyrnarlaus og er barnabarn Hallbjörns í Kántrýbæ. Á heimasíðu Kántrýbæjar kemur fram að nafnið Hallbjörn er myndað af forliðnum „Hall“ sem merkir steinn og viðliðnum „björn“ sem merkir bjarndýr.

Hallbjörn yngri hefur gert upp bíla alveg frá því hann var sextán ára gamall eða í níu ár. Við forvitnuðumst aðeins um bílaáhugamál Hallbjörns.

Hallbjörn Ómarsson hefur haft áhuga á bílum svo lengi sem hann man eftir sér. Hann segist telja að bílaáhuginn sé meðfæddur. „Ég er alveg

viss um að bílaáhuginn er meðfæddur. Þabbi var reyndar bílaáhugamaður en það þurfti ekkert að ala áhugann upp í mér, hann var alltaf til staðar“, segir Hallbjörn sem á fjóra bíla. „Ég hef mikinn áhuga á fornbílum og á fjóra bíla í dag, tvo Camaro og tvo Toyota“.

Hvernig lærðir þú að gera bíla upp? Ég lærði af föður mínum sem er búinn að vera í 20 ár að gera upp Ford fornbíl árgerð 1957. Svo hef ég lært af vinum mínum og skipt um vélar fyrir þá. „Ég hef notað netið mjög mikið til að læra um þetta, horft á þætti frá Bandaríkjunum og lesið bækur“ segir Hallbjörn.

Hefur þú spáð að fara að læra að verða bifvélavirki? „Nei, ég hef ekki spáð í að fara í skóla, þetta er svona meira áhugamál“ segir Hallbjörn.

Hallbjörn keypti fyrst bíl þegar hann var aðeins sextán ára. Fyrsti bílinn var Toyota GTI árgerð 1988. Hann keypti



Hallbjörn Ómarsson

varahluti smátt og smátt og líka úr bílapartasölu. Það tók hann um eitt og hálf ár að gera bílinn upp frá grunni og koma honum á götuna, nýsprautuðum í silfruduðum lit. Hallbjörn seldi bílinn innan fjölskyldunnar og eignaðist

hann síðar aftur og málaði hann þá appelsínugulan. Sá bíll er ekki lengur í eigu Hallbjörns.

Í dag er Hallbjörn með þrjá bíla í tveimur skemmum. Einn bílskúr er í hans eigu ásamt föður hans og annan bílskúr er með hann í leigu ásamt bróður sínum.

Hallbjörn hefur átt Camaro '84 í tvö ár og er ennþá að gera hann upp. Ætlunin er að gera hann upp eins og nýjan bíl. Hann var grunnmálaður í gulum lit núna í sumar. „Þetta er eiginlega fornbíll“, segir Hallbjörn en bílar verða að vera 25 ára eða eldri til að teljast fornbílar. Hallbjörn á reyndar annan, Camaro SS, sem er árgerð 2000. Hann ætlar að breyta vélinni þannig að hann geti keppt á honum í kvartmílukeppni.

Priðji bíllinn er Toyota GTI, árgerð 1988, sem er annar



Camaro SS árgerð 2000 sem Hallbjörn ætlar að breyta í kvartmílu bíl



Grindin af Camaro Z28 árgerð 1984 sem Hallbjörn er að gera upp



Frystitogarinn Arnar HU-1 sem er vinnustaður Hallbjörns

bíll sem hann er að gera upp núna. Svo á hann Toyota Corollu, árgerð 1994, sem hann notar til að sinna daglegum erindum.

Er þú að gera upp þrjá bíla samtímis? „Nei, ég laga þá ekki samtímis. Ég vinn í þeim þegar varahlutir eru til og þegar ég hef tíma“, svarar Hallbjörn.

Hvar nærð þú í varahluti? „Ég fer á bílapartasölu og leita á internetinu, stundum í gegnum ebay.com“, svarar Hallbjörn.

Er þetta ekki dýrt áhugamál? „Jú, varahlutir eru dýrir innfluttir til landsins, því það þarf að borga tollinn, vörugjöld og svo virðisaukaskatt en mér finnst mjög gaman að þessu“, segir Hallbjörn sem er greinilega mikill bílaáhugamaður. „Það eru ansi margir tímar sem fara í þetta því oft er erfitt að slíta sig frá þessu“, segir Hallbjörn.

Eins og sjá má á bílavali Hallbjörns er Camaro í miklu

uppáhaldi hjá honum. „Þetta eru ósköp vandaðir bílar. Það er miklu meira lagt í þá heldur en aðra bíla enda voru þetta mjög dýrir bílar hér áður fyrr.“

En hvað er Camaro? Chevrolet Camaro er bifreið framleidd af General Motors undir vörumerki Chevrolet, sem var í samkeppni við Ford Mustang. Þessi bílar fóru fyrst í framleiðslu árið 1967 og lauk framleiðslunni á árinu 2002. Fjórar mismunandi kynslóðir af Camaro voru þróaðar. Framleiðslan var endurvakin aftur á árinu 2009 og er verið að þróa fimmtu kynslóðina af bílnum en hann er ekki kominn á götuna ennþá.



Toyota GTI 1988 sem Hallbjörn átti einu sinni

Styrkur frá Pokasjóði



Pröstur Friðbjófsson, markaðs- og fjáröflunarstjóri Félags heyrnarlausra, tekur við styrk Pokasjóðs frá Höskuldí Jónssyni, fyrrverandi forstjóra ÁTVR, sem er fulltrúi sjóðsins


Pokasjóður úthlutar árlega styrkjum til hinna ýmsu verkefna á sviði umhverfis- og mannúðarmála. Nýlega veitti sjóðurinn í 16. sinn styrki sína sem í ár námu 60 milljónum króna en alls hefur Pokasjóður úthlutað um 1.100 milljónum á þessum árum. Pokasjóður hefur styrkt Félag heyrnarlausra með myndarlegu fjárframlagi og veitti Pröstur Friðbjófsson, markaðs og fjáröflunarstjóri Félags heyrnarlausra, styrknum viðtöku að þessu sinni. Félag heyrnarlausra færir stjórn Pokasjóðs sínar bestu þakkir fyrir velvilja og veittan stuðning nú sem áður. Stuðningur Pokasjóðs er Félagi heyrnarlausra og félagsmönnum mikils virði og gerir félaginu kleift að standa að jafn myndarlegri starfsemi og raun ber vitni.

MARAÞON

Félag heyrnarlausra í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka

Félag heyrnarlausra tók þátt í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka í ágúst síðastliðnum. Að þessu sinni hlupu 26 manns í þágu félagsins og söfnuðu áheitum fyrir það. Hlauparar eiga þakkar skyldar sem og þeir sem studdu við bakið á þeim með áheitum.

Á myndinni er Rudolf Kristinsson sem hljóp og safnaði áheitum að upphæð 9.000 krónur.



Aðgengi heyrnarlausra að ljósvakamiðlum er ábótavant á Íslandi

Eftir Kristinn Jón Bjarnason

Eitt af elstu málefnum Félags heyrnarlausra er baráttan fyrir textun. Frá því að Ríkissjónvarpið hóf útsendingar árið 1966 hafa heyrnarlausir barist fyrir betra aðgengi að þessum upplýsingamiðli. Í byrjun bauð tækni sjónvarpsins ekki upp á mikla möguleika en eftir því sem tímar liðu breyttist það og því var lögð meiri áhersla á baráttu félagsins fyrir bættu aðgengi heyrnarlausra að sjónvarpinu.

Talið er að 10% Íslendinga séu heyrnarlausir eða svo heyrnarskertir að þeir geti ekki notið talaðs máls í útvarpi né sjónvarpi. Til viðmiðunar er talið erlendis að 5 – 15% séu heyrnarskertir. Samkvæmt rannsóknnum frá Norðurlöndum er um 15% íbúa sem þurfa að notast við textun á sjónvarpsefni til að fylgjast með vegna einhvern heyrnarskerðingar. Ef þetta er skoðað í samhengi við Ísland þá gætu þessar tölur þýtt að allt að 40 þúsund manns búi við þennan raunveruleika hér. En fjöldi þeirra sem geta ekki notið sjónvarpsefni á eftir að aukast, þar sem hækkandi lífaldur er meðal þjóðarinnar.

Þetta gerir þá óörugga og stuðlar með öðru að meiri einangrun en þyrfti að vera. Þess vegna er nauðsynlegt að stjórnvöld tryggji jafnt aðgengi allra landsmanna að því efni sem flutt er í sjónvarpi.

Textun á innlendu efni í sjónvarpi gagnast sérstaklega heyrnarlausum,

en einnig hópi heyrnarskertra. Textun gæti einnig gagnast eldri borgurum og fólki af erlendum uppruna sem bæta vill íslenskukunnáttu sína. Hægt væri að setja textann á og slökkva á hljóðinu á almenningsstöðum þannig að það trufli ekki. Einnig er talið að textun innlends efnis geti bætt lestrargetu heyrnarlausra og heyrnarskertra barna og unglinga.

Menntamálaráðherra skipaði nefnd í apríl 1991 til að fjalla um þjónustu Ríkissjónvarpsins við heyrnarlausra og koma með tillögur til úrbóta. Nefndin lagði m.a. til að allt innlent efni yrði endursýnt með texta og fréttastofa sjónvarps ætti að bæta skýringartextum við fréttir þar sem því yrði við komið. Einnig var lagt til að táknafréttatími yrði aukinn í tíu mínútur daglega. Þá var lagt til að heyrnarlausir fái vikulega 20 mínútna fréttaskýringaþætti á táknafréttatími fyrir utan venjulega dagskrá. Til að byrja með á árinu 1992 átti að sýna þá tvisvar í mánuði og að hálfu ári liðnu vikulega. Daginn áður en skrifa átti undir samkomulag milli Menntamálaráðuneytis og Ríkissjónvarps um þessa auknu þjónustu féll ríkisstjórnin og því varð þessi stórbætta þjónusta fyrir heyrnarlausra ekki að veruleika.

Félag heyrnarlausra fór þess á leit við Ríkissjónvarpið Sjónvarp að framboðsumræður í sjónvarpi kvöldið fyrir Alþingiskosningarnar 1999 yrðu túlkaðar samtímis á táknafréttatími. Máli sínu til



stuðnings benti félagið á grein í útvarpslögum þar sem meðal annars koma fyrir eftirfarandi orð:

„... ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana“.

Einnig benti félagið á Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem íslensk stjórnvöld hafa undirritað en í 21. grein yfirlýsingarinnar er kveðið á um rétt hvers manns til að taka þátt í stjórn landsins og þar með njóta lýðræðisréttinda. Ríkissjónvarpið Sjónvarp neitaði þessu án rökstuðnings. Stefna Félags heyrnarlausra var að allir sitji við sama borð. Hæstiréttur kvað upp úrskurð sinn að ríkissjónvarpinu bæri ótvírætt að gæta jafnræðis þegar það sinnti þessu hlutverki sínu og lyti sú skylda ekki aðeins að framboðendum og þeim stjórn málaöflum sem í hlut ættu, heldur einnig að þeim sem útsendingum væri beint til. Ætti því Ríkissjónvarpið að haga gerð og útsendingu framboðsumræðna þannig að aðgengilegt væri heyrnarlausum, sbr. einnig 7. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

Frumvarp um textun

hafa verið lögð fram á Alþingi þrisvar. Sú fyrsta flutt í nóvember 2004, síðar á 132. löggjafarþingi í október 2005 og flutt síðast á 133. löggjafarþingi í febrúar 2007. Frumvörpunum var vísað til menntamálanefndar Alþingis en aldrei afgreidd úr nefnd.

Íslensk stjórnvöld undirrituðu sáttmálann „Samning SP um réttindi fólks með fötlun“ þann 30. mars 2007 en hafa ekki fullbókað sáttmálann. Íslensk stjórnvöld eiga því eftir að setja efni sáttmálans í löggjöf og fullgilda hann. Nefnd var skipuð í febrúar 2008 sem fjallar um einstakar greinar samningsins og gerð grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að fullgilda hann, sem þýðir heildarendurskoðun á lögum eða lagabreytingar vegna þess. M.a. eru helstu tillögur nefndarinnar að textun verði löggilt, sbr. ákvæði 21. gr. samningsins. Löggilda þarf bæði textun og táknafréttatíma almenns menningarefnis skv. 30. gr. samningsins. Nefndin hefur beint til mennta- og menningarmálaráðherra að hann vekji sérstaka athygli menningarstofnanna á þessum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist. Mikilvægt er að löggilda textun og táknafréttatíma almenns menningarefnis.

Í áratugi hafa heyrnarlausir einungis greitt hálf afnotagjald þar sem þeir nýta sér ekki útsendingar útvarps og heldur ekki sjónvarpsins þar sem ekkert er textað í beinni útsendingu eða í endursýningu samdægurs eða daginn eftir. Staðan fyrir heyrnarlausra breyttist

talsvert með lögum nr. 687/2008 sem þýddi að heyrnarlausir þurfa að borga nefskatt eða útværsgjald eins og hver aðrir frá og með árinu 2009. Þjónusta við heyrnarlausu jókst ekkert sérstaklega með því. Það er auðvitað ósanngjarnt að menn séu rukkaðir um fullt gjald því þetta er þjónusta sem heyrnarlausir geta ekki nýtt sér með sama hætti og þeir sem eru heyrandi.

Alþingi samþykkti lög um fjölmiðlanefnd nr. 38/2011 síðastliðið vor. Fjölmiðlanefndin tók til starfa 1. september 2011. Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem annast eftirlit samkvæmt lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 og daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Í 30. grein laga um fjölmiðlanefnd segir m.a. að „Þær fjölmiðlaveitur sem miðla myndefni skulu eins og kostur er leitast við að gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum auk þeirra sem búa við þroskaröskun. Úrræði til að tryggja aðgengi eru m.a. táknmál, textun og hljóðlýsing“. Í sömu lögum í 29. grein kemur m.a. fram að: „Hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni“. Það er athyglisvert að sjá að þarna er ekki eiginlega skylda sjónvarpsstöðva að texta, heldur er aðeins að leitast við að tryggja aðgengi. Sjónvarpsstöðvar myndu því geta afsakað sig að texta ekki þar sem það ekki er skylt skv. þessum lögum. Ég tel að þetta sé galli og þörf sé á að endurskoða þessi lög til að skylda allar sjónvarpsstöðvar að hafa útsendingar allar textaðar.

Erlendis er textunin orðin sjálfsgagt mál og má segja að í Bandaríkjunum séu til lög um að allt sjónvarpsefni



Einmitt. Það er munurinn á að ímynda sér og sjá,

skuli vera textað. Fólk getur valið á sínu sjónvarpi hvort það vill hafa texta eða ekki. Fréttir eru textaðar í beinni útsendingu, þá er notaður rittúlkur, sem skrifar allt sem sagt er. Margar sjónvarpsstöðvar eru í Bandaríkjunum og er texti á þeim öllum. Sama má segja um Bretland, þar sem er gífurleg aukning á textun á sjónvarpsefni á síðustu 15 árum. Nú er 100% sjónvarpsefnis textað í Bretlandi. Eftir að BBC í Englandi fór að texta, fundu aðrar sjónvarpsstöðvar líka þörf á að texta. Þannig að segja má að aðgengi fyrir alla sé í tísku erlendis.

En hver er staðan í dag á Íslandi? Á Íslandi eru níu sjónvarpsstöðvar sem senda út efni. Þetta eru RÚV, Stöð2, Skjárin, INN, N4, Omega, Alþingi, Stöð 1 og Nova TV. Á Íslandi voru 318.452 íbúar þann 1. janúar 2011. RÚV hóf útsendingar árið 1966 og var eina sjónvarpsstöðin þar til Stöð2 var stofnuð 1986. Síðan hafa fleiri sjónvarpsstöðvar sprottið upp. RÚV er eina sjónvarpsstöðin sem býður innlent sjónvarpsefni með texta og þá takmarkað. Ekkert er í boði textun í beinni útsendingu, umhverfishljóð, né textun í endursýningu. Skjárin, Stöð2, INN, N4, Omega og Alþingi bjóða upp á innlenda þætti án textunar. Hinar stöðvar bjóða upp á

textun á erlendu efni svo sem RÚV, Stöð2, Skjárin, Stöð1 og Omega.

Hjá RÚV er flest af forunnu efni hjá sjónvarpinu textað, en ekkert í beinni útsendingu. Þættir eins og Kastljós, Silfur Egils, Útsvar eru endursýndir ótextaðir. Þá má segja að á síðustu tveimur aðalfundum Félags heyrnarlausra hafi félagsmenn ítrekað beðið um að þættir Kastljós og Silfur Egils verði endursýndir með texta. Hvorki Stöð 2 eða Skjár 1 hafa textun á innlendu efni. Tákn málsfréttir eru sýndar daglega í allt að átta mínútur. Ekki er til fréttaskýringaþáttur eða fræðsluþáttur á táknmáli í sjónvarpinu þó stæði til að setja slíkt á á árinu 1992.

Margir hafa velt fyrir sér hvort fréttir fyrir heyrnarlausu komi almennt heyrnarlausum ekki við. Ástæðan? Í fréttum Stöðvar 2 í nóvember sl. birtist allt í einu íslenskur texti meðan fréttapulurinn kynnti næstu frétt sem var öll textuð. Fréttin fjallaði um heyrnarlausu og lögblinda stúlku. Spurningin er hvort séu eingöngu fréttir sem fjalla um heyrnarlausu séu nógu merkilegar til að fá textaðar svo heyrnarlausir geti notið þeirra. Það virðist vera að aðrar fréttir koma heyrnarlausum ekki við. Fyrirverandi starfsmaður RÚV fullyrðir að það sé

vel hægt að hafa fréttir textaðar þar sem allt efni sé forunnið. Það virðist vera að RÚV vilji ekki texta. Bloggarinn skrifaði þannig þegar starfsmaður kom með tillögu um hafa fréttatímamann RÚV textaðar: „Fólk tók þessum hugmyndum fálega þá enda sjálfsgagt stórhættulegt fyrir RÚV að sýna að þetta sé hægt, því þá fara heyrnarlausir að gera kröfur um skjátextun fréttatímans“.

Það þarf að vera til stefna um aðgengi að upplýsingum hjá heyrnarlausum og heyrnarskertra í ljósvakamiðlum, sem mætti útlista þannig;

- Að íslenskum sjónvarpsstöðvum, framleiðendum og dreifingaraðilum innlands sjónvarpsefnis verði gert skylt að sjá til þess að allt innlent efni sé textað til að tryggja að heyrnarlausir og heyrnarskertir hafi sama aðgengi og heyrandi fólk að upplýsinga-, fræðslu og afþreyingarefni.
- Stórviðburðir skulu vera túlkaðir – helst í fyrstu frétt.
- Það má skoða hvort setja megi skýringamyndir með tákn málsfréttatímum.
- RÚV þyrfti að hafa vikulega þætti á táknmáli í 30 mínútur í einu eins og gert er á Norðurlöndum. Það er mikilvægt fyrir heyrnarlausu að fá upplýsingar á táknmáli.
- Allt efni sem birtist sem myndskild hjá opinberum stofnunum og á ferðamannastöðum þarf að vera með texta.
- Allar kvikmyndir sem eru í boði um borð í flugvélum verða að vera textaðar.

Menntun skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni

Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins

Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401 • www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is

Þín leið til fræðslu

Ríkismennt styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401 • www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is

Styrkur þinn til náms

Sveitamennt styrkir starfsmenntun innan sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401 • www.sveitamennt.is • sveitamennt@sveitamennt.is

- Allir mynddiskar skulu hafa íslenskan texta í boði.

Nú er árið 2011. Við sjáum að það er ekkert mál fyrir erlendar stöðvar að auka textun og/eða setja meira táknmál á sjónvarpsefni. Það er ljóst að kostnaður við textun er ekki mikill. Það er orðin vinnuregla hjá sjónvarpsstöðvum á Íslandi að texta erlendar bíómyndir og þætti og enginn hefur sagt að það sé dýrt eða mikið mál. Einnig hefur sjónvarpið getað textað sjónvarpsefni með litlum fyrirvara eða samdægurs eins og þegar Rannsóknarskýrsla Alþingis var kynnt en útsendingin var textuð í endursýningu. Ég tel að stjórnvöld og sjónvarpsstöðvar þurfi að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að gera betur og bæta aðgengi í ljósvakamiðlum fyrir hóp heyrnarlausra og heyrnarskertra. Heyrnarlausir og heyrnarskertir eiga að njóta aðgengis að upplýsingum eins og hverjir aðrir.

Allir tala um aðgengi í dag og telja það sé sjálfsagt. Þá er reynt að koma til móts við fatlaða. Nefna má dæmi um að ef opinber stofnun er á annarri hæð og þá er ekkert nema sjálfsagt að hafa lyftu í húsinu til að auka aðgengi fólks sem þarf að nota lyftuna. Það hljóta allir vera sammála

um það. Ef maður í hjólastól kæmi hins vegar inn í slíka byggingu og ætlaði að nota lyftuna, þá væri fremur bagalegt fyrir hann ef einhver segði við hann; „þú verður að labba upp tröppurnar“, gæfi ekki upp ástæðu og gengi burt. Við hljótum að vera sammála að slík framkoma væri óásættanleg. Ef til vill upplifa heyrnarlausir slíkt frá sjónvarpsstöðvum og því þarf að breyta.

Til að vera þátttakandi í íslensku samfélagi verður fólk að eiga greiðan aðgang að upplýsingum. Tækni er orðin betri, en svo virðist sem textun sé ekki sjálfsagður hlutur hjá sjónvarpsstöðvum og því verður að breyta. Núna er í tísku að nota „aðgengi fyrir alla“.

Eins og flestir vita hafa heyrnarlausir mjög takmarkaðan aðgang að íslensku fréttavefni, umræðuþáttum, barna- og menningarefni, því mest af því er ótextað. Heyrnarlausir eiga erfitt með að skilja íslenskan texta, þar sem flestir þeirra hafa litla menntun og fengu ekki menntun á táknmáli á árum áður. Íslenskt táknmál er fyrsta mál heyrnarlausra og því er mikilvægt að geta miðlað upplýsingum á táknmáli. Með því að gera þætti á táknmáli og auka textun myndi einangrun heyrnarlausra minnka verulega og auka aðgengi þeirra að upplýsingum.

Ánægja með tvö tungumálanámskeið í Félagi heyrnarlausra



Þátttakendur á námskeiðinu.

Félag heyrnarlausra hélt tvö námskeið fyrir félagsmenn félagsins dagana 14. febrúar til 3. mars sl. Annars vegar var námskeið í ensku sem 10 manns sóttu og hins vegar í amerísku táknmáli sem 18 manns sóttu. Jeremy Sebelius frá Bandaríkjunum bauðst til að kenna þessi tvö námskeið í sjálfboðavinnu.

Námskeiðin heppnuðust mjög vel og var almenn ánægja með þau. Þátttakendur voru sammála því að þörf er á framhaldsnámskeiðum og öðrum námskeiðum fyrir heyrnarlausra.

Námskeiðið í ensku var ætlað byrjendum með enga eða litla undirstöðu í málinu. Kennsla á enskunámskeiðinu fór fram að mestu leyti á amerísku táknmáli, en stuðst var við íslensku ef þörf krafðist.

Námskeiðið í amerísku táknmáli hentaði vel fyrir þá sem vilja læra alþjóðlegt táknmál eða bæta við sig kunnáttu í amerísku táknmáli. Lögð var áhersla á uppbyggingu orðaforða og þjálfun sem eykur hæfni til almennra samskipta.

Hvort námskeið var samtals í 18 klukkustundir. Í lok námskeiða fékk hver þátttakandi viðurkenningarskjal fyrir þátttöku.



Jeremy afhendir Kötlu Þórðardóttur viðurkenningu.
Mynd: Guðrún Ólafsdóttir

Kærar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem stutt hafa starf Félags heyrnarlausra í gegnum tíðina.

Sérstakar þakkir til þeirra er styrkt hafa útgáfu þessa rits.

Heyrandi börn heyrnarlausra foreldra. Hvað gerir þau ólík öðrum heyrandi börnum?

Eftir Guðrún Heiða Guðmundsdóttir

Ég ákvað snemma í náminu að tengja lokaritgerðina mína við CODA börn á einn eða annan hátt. CODA stendur fyrir heyrandi börn heyrnarlausra foreldra (Children Of Deaf Adults). Upphaflega vildi ég fara út í veigamikla rannsókn á félagslegri stöðu þessara barna í samanburði við aðra jafnaldra sína en það reyndist of tímafrekt.

Í rigerðinni minni segi ég í stuttu máli frá því hvað CODA börn eru og hvers vegna sé talað um þau sérstaklega. Ég fjalla um það hvað það er að tilheyra heyrnarlausri fjölskyldu og ræði um menningarheimana tvo sem þessi börn alast upp í sem og tvítyngi þeirra.

Það reyndist ansi erfitt að nálgast heimildir um þetta málefni og sérstaklega íslenskar heimildir þar sem að það var ekki fyrr en um 2006 sem farið var að ræða sérstaklega um þennan hóp. Þær heimildir sem ég hafði voru allar erlendar og aðallega voru þetta frásagnir fullorðinna CODA. Ég fann engar rannsóknir sem ég gat stuðst við, fyrir utan eina litla sem unnin var hér á Íslandi en erfitt var að meta hvort hún væri marktæk þar sem um svo fá börn er að ræða hér á Íslandi. Ég vil því taka fram að þessi ritgerð er bara smá yfirsýn yfir þessi mál.

Þær frásagnir sem ég las voru allar á sama háttinn, og þá skipti ekki máli hvort frásagnaraðilinn fæddist 1930 eða 1980, öll höfðu þau sömu sögu að segja og virtust öll hafa upplifað

svipaða reynslu.


Það að alast upp og lifa alla sína tíð í tveimur menningarheimum, heimi heyrandi og heimi heyrnarlausra, er mun flóknara en ég tel fólk gera sér grein fyrir. Þessi börn þurfa að læra á báða menningarheimana og læra hvaða hegðun, siðir og venjur tilheyra hvorum. CODA börnin alast upp við tvítyngi; táknmálið annars vegar og raddmálið hinsvegar. Svo virðist í flestum tilfellum sem þau læri táknmálið fyrst og raddmálið komi svo strax þar á eftir. Það er vegna þess að foreldrarnir tala við barnið sitt á táknmáli (í flestum tilfellum) og barnið fer meira að læra og meðtaka raddmálið þegar það byrjar á leikskóla eða í skóla og fer að umgangast meira heyrandi fólk. Fram kom í minni heimildasöfnun að oft á tíðum lenda þessi börn í smávægilegum vandræðum, til að mynda í skólanum. Það er að þau eiga erfitt með að einbeita sér, eru oft hávaðasöm og taka illa eftir því sem við þau er sagt. Það hlýst af því að þau eru vön táknmáli og vön að taka við skilaboðum í gegnum sjónina. Það er því mikilvægt að mynda augnsamband þegar talað er við þessi börn þar sem augnsambandið er svo sterkt í táknmálinu. Kennarar sem ekki gera sér grein fyrir því hvað það þýðir að vera CODA barn átta sig ekki á því að ástæður eru fyrir því að börnin eru eins og þau eru. Þau eru hávær því að þau vita ekki hversu hátt er rétt

að tala þar sem heima fyrir er það eitthvað sem skiptir ekki máli og fleira þessu tengt. Oft á tíðum hafa kennarar haldið að líklega ættu börnin við annarskonar vandamál að stríða svo sem athyglisbrest eða ofvirkni þar sem einkenni eru mörg þau sömu. Ef kennarar væru fræddir í upphafi um CODA börn og þann menningarheim sem þau alast upp í ættu þessi vandamál að leysast farsælega.

Eins og áður hefur verið nefnt er lítið sem ekkert til af heimildum um CODA börnin hér á Íslandi en vitað er fyrir víst að séstaklega þarf að gefa þessum hópi gaum. Það er allt ennþá á byrjunarstigi en vonandi verður hópnum sinnt vel í framtíðinni og ég bind vonir við að sjá rannsóknir gerðar, eins og t.d.á máltöku þeirra, félagslegri stöðu o.fl. Þessi börn eru heyrandi þrátt fyrir að stundum þurfi að huga betur að þjálfun í hlustun, því að eins og fram kemur í ritgerð minni virðist það vera lært ferli en ekki meðfætt.

Mér þótti mjög gaman að lesa mér til um þetta efni. Mér fannst einnig afar athyglisvert að lesa frásagnir CODA barna, bæði skemmtilegt og sorglegt. Mig langar að láta fylgja í lokin smá frásögn úr ritgerðinni sem lýsir því þegar heyrnarlaus kona eignast heyrandi barn. Mér fannst þessi frásögn vekja mann til umhugsunar.

„Þegar Barbara fæddist var það ekki fyrr en á þriðja degi sem ég fékk skrítna tilfinningu og fór að velta



fyrir mér hvort hún væri heyrandi eða heyrnarlaus. Ég var ennþá á spítalanum og var að gefa henni brjóst, hún var fyrsta barnið mitt og ég velti fyrir mér er hún heyrandi eða heyrnarlaus. Ég hélt á henni í fanginu og nálægt matarbakka. Ég tók skeið og lét hana detta á bakkann. Ég trúði þessu ekki, ég var í miklu uppnámi. Ég lét skeiðina falla aftur á bakkann, ég bara trúði þessu ekki. Í þriðja sinn lét ég skeiðina falla á bakkann. Ég hugsaði, guð minn góður, hún er heyrandi. Hvað á ég að gera? Ég á heyrandi dóttur! maðurinn minn kom inn og ég sagði við hann, guð minn góður, dóttir okkar er heyrandi. Hann varð jafn hissa og ég, en hann sagði að þetta yrði allt í lagi. Ég er þriðja kynslóð heyrnarlausra. Það var aldrei nein spurning um það að okkar börn yrðu heyrnarlaus. Síðan komst ég að því að dóttir mín fæddist heyrandi. Hvað í ósköpunum á ég að gera við heyrandi barn? Ég veit ekki einu sinni hvernig ég á að tala við hana. Það hvarlaði aldrei að mér að mitt barn yrði heyrandi. Ég var mjög undrandi og ég var hrædd. Ég vildi vera nátengd barninu mínu. Ég hafði alltfar verið nátengd mínum foreldrum og vildi það sama fyrir mig og mín börn. Heimur heyrandi og heyrnarlausra er mjög aðskilinn. Ég hafði áhyggjur að við myndum aldrei tengjast og að við myndi fjarlægjast hvor aðra“.

Tinna táknmálsálfur bregður á leik í Landsbankanum

Myndir: Landsbankinn



Menningarnótt var haldin hátíðleg í miðborg Reykjavíkur laugardaginn 20. ágúst undir yfirskriftinni „Gakktu í bæinn“. Landsbankinn hefur verið mættarstólpi Menningarnætur frá upphafi og bauð að venju upp á fjölbreytta menningardagskrá í Austurstræti 11. Meðal annars mátti sjá Kolbrúnu Völkudóttur bregða á leik ásamt Sprota. Hér á síðunni eru nokkrar svipmyndir þegar Tinna táknmálsálfur kom í Landsbankann.



 **Stilling**

Ljóð og lög á íslensku og táknmáli á Menningarnótt

Myndir: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir



Laugardaginn 20. ágúst sl. var hin árlega Menningarnótt haldin í miðborg Reykjavíkur. Meðal dagskrárliða var „Ljóð og lög á íslensku og táknmáli“ í ELM Design.

Flytjendur voru Arnar Jónsson, Edda Þórarinsdóttir, Helga Jónsdóttir, Magnús Sverrisson, Hjördís Anna Haraldsdóttir, Hulda Halldórsdóttir og Kolbrún Völkudóttir.

Hópurinn fékk styrk frá Menningarnæturpotti Landsbankans til að halda viðburðinn. Með þessum potti er markmiðið að veita fjölbreyttum hugmyndum brautargengi á Menningarnótt og gefa fleiri hugmyndasmiðum kost á því að sýna hvað í þeim býr með hóflegum styrkjum. Landsbankinn hefur verið mættarstólpi Menningarnætur frá upphafi.



Síldarvinnslan hf

Kunnátta CODA í íslensku raddmáli

Eftir Valdísi Ingibjörgu Jónsdóttur og Hólmfríði Árnadóttur

Tvær rannsóknir hafa verið gerðar, önnur árið 2000 og hin árið 2008, til að sjá raddmálsprosa CODA barna. Í báðum rannsóknunum kom fram að CODA eru langflest með minni raddmálskunnáttu en jafnaldrar þeirra. Nokkur börn voru bæði í rannsókninni árið 2000 og svo aftur í rannsókninni 2008. Því miður höfðu flest CODA staðið í stað í málprosa (ekki farið fram í raddmálprosa) á þessum árum og gátu þess vegna minna í prófinu en jafnaldrar þeirra. Í rannsókninni sem gerð var 2008 var líka skoðaður málproski CODA í táknmáli. Því miður var svipuð niðurstaða í kunnáttu CODA í táknmáli og raddmáli. Sem sagt alls ekki nógu góð kunnátta.

Þetta voru niðurstöðurnar úr raddmálsprófunum:

- CODA eru almennt á eftir jafnöldrum í málprosa
- Þau eiga erfitt með að hlusta (eru ekki að hlusta)
- Þau vantar orðaforða (kunna ekki nógu mörg orð)
- Þau vantar að geta komið hugsunum í orð (geta ekki útskýrt með orðum)
- Þau misheyra (heyra ekki rétt)
- Þau eiga erfitt með einbeitingu og athygli
- Málfræðipekking þeirra er ekki góð (tala vitlaust)

- Þau truflast auðveldlega og hætta þá að taka eftir

En af hverju læra CODA ekki betri íslensku þegar þau heyra svona marga tala íslensku? Þýsk rannsókn var gerð fyrir nokkrum árum og hún bendir til þess að fóstrið sé farið að hlusta meðan það er í leginu. Döff nota ekki rödd svo heyrandi barnið heyrir ekki rödd móðurinnar og lærir því ekki að hlusta. Þau fá heldur ekki örvun á raddmáli frá móður eftir að þau fæðast.

Auk þessara tveggja rannsókna var bætt við smákönnun til að sjá hvort CODA börn yngri mæðra (mæður sem fengu kennslu á táknmáli eftir að táknmál var viðurkennt) væru betri í íslensku raddmáli en CODA börn eldri mæðra sem voru í Heyrnleysingjaskólanum þar sem döff var kennt á raddmáli. Sömu málproskapróf voru notuð og í fyrri rannsóknum. Rannsóknin sýndi að málproskinn var betri hjá CODA börnum döff mæðra sem fengu kennslu á táknmáli. Samt var málproskinn ekki alveg nógu góður hjá börnum yngri döff mæðra. Þau hlustuðu ekki nógu vel, voru ekki með góða athygli og trufluðust auðveldlega. Þetta þarf samt að kanna betur en ef börn yngri döff mæðra geta meira í íslensku raddmáli en börn eldri döff mæðra þá segir það okkur að eftir að döff



Valdís Ingibjörg Jónsdóttir

fengu betri menntun og farið var að nota táknmálið, þá ná CODA börn þeirra döff mæðra betra máli.

Það sem CODA vantar er þekking. Það sást á prófunum að þau vissu ekki hluti sem þau eiga að vita og ráðleggingin til döff er að þeir fræði barnið sitt um hlutina á táknmáli eins og t.d. til hvers er stóll? Svarið á raddmáli er *til þess að sitja á*. Hvað er pollur? Svarið á raddmáli er það *er vatn sem kemur frá rigningu*. Svona geta CODA ekki útskýrt á raddmáli. Þau vita þetta en kunna ekki að segja frá.

Rannsóknin á CODA, þar sem bæði var skoðaður málproski á táknmáli og talmáli (rannsóknin 2008) sýndi að CODA gátu heldur ekki útskýrt á táknmáli. Það sem kom fram í rannsóknunum (2000 og 2008) er að þessi börn eru að fá eins góðar einkunnir í íslensku og önnur heyrandi börn. Skýringin er sennilega sú að í skólunum er kennt íslenskt bók mál en ekki íslenskt raddmál eins og það sem við tölum. CODA eru venjuleg börn sem eru ekki greindarskert. Þess vegna geta þau verið dugleg í skóla EN af því þau skilja raddmálið svo



Hólmfríður Árnadóttir

illa þá skilja þau oft ekki spurningar, kunna ekki að hlusta, heyra vitlaust, fá ekki orðaforða og afleiðingin verður athyglisbrestur og kannski líka ofvirkni. Það verður að kenna CODA mál bæði táknmál og raddmál. Þegar þau skilja meira og vita meira þá verða þau rólegri.

Hvað getum við gert:

- Finna þessi börn strax og talmeinafræðingur kenni þeim raddmál og veiti ráðgjöf til foreldra og starfsfólks.
- Fylgjast með málprosa þeirra með því að prófa þau oft.
- Skólar beri ábyrgð á að hjálpa þeim sérstaklega og aðstoði þau með heimanám.
- Foreldrar fái fræðslu í að kenna þeim mál.

Orðaskýring:

CODA er Child of Deaf Adult eða á íslensku börn heyrnarlausra fullorðna.



WFD ráðstefna í Durban, Suður Afríku

eftir Hjördísi Önnu Haraldsdóttur



Hjördís Anna ásamt tveimur fulltrúum frá Suður Afríku á galakvöldi. Fulltrúarnir voru í þjóðbúningum Zulu fólks. Sérstakt var að upplifa að galakvöld var á strönd undir stóru tjaldi og það var puttamatúr sem fólkið borðaði standandi. Svæðið var afgirt og gætt af hermönnum í skotheldum vestum með byssur

Þegar gluggatjöldin eru dregin frá á hótélherberginu blasir við hefðbundin borgmynd og eitt augnablik gæti maður verið staddur í Berlín eða á líka borg. Þegar betur er að gáð þá er umhverfið þó talsvert frábrugðið, trén, fólkið og borgarbragurinn allur. Ég er stödd í Durban sem er við austurströnd Suður Afríku. Ástæðan er þátttaka mín á ráðstefnu og aðalfundi WFD.

Síðasta WFD ráðstefna var í Madríd árið 2007 svo ég hafði samanburð við þá ráðstefnu. Það sem var mest ólíkt var hversu margir ráðstefnugestanna voru frá Afríkulöndum og miðausturlöndum. Fyrirlestrar frá Afríkulöndum voru mun fleiri en á ráðstefnunni í Madríd. Þ.a.l. fékkst skýr mynd af því hvernig staðan er á málefnum döff í Afríku en hún er þó mismunandi eftir löndum. Til dæmis er Suður Afríka langt komin miðað við löndin sem eru í norðaustur hluta Afríku.

Einnig var athyglisvert hversu öruggt umhverfi er vanmetið í Evrópu miðað við hvernig aðstæðurnar voru fyrir ráðstefnugesti í Durban. Varasamt var að vera á ferli eftir kl. 18. Mælt var með að gestir ferðuðust saman í hópum en væru ekki einir á ferli. Til að fara á milli staða í Durban var mælt með að nota leigubíla en ekki fara gangandi eða nýta sér almenningsmögöngur. Maður varð því dálítið innilokaður á ráðstefnustaðnum og á hótelinu. Nokkrar sögur kvisuðust út um óheppið fólk. Eitt fólk var u.þ.b. 12 manna hópur að ganga saman að hótelinu þegar klukkan var um eitt að nóttu. Lögreglan stöðvaði hópinn og sagði þeim að taka leigubíl. Þegar þau neituðu því þá veitti lögreglan þeim fylgd að hótelinu með blikkandi ljósum.

Einn daginn fékk ég nóg af innilokun og skrapp í dagsferð í safarí. Ég fékk að skoða þjóðgarð eða

„game“ einsog það kallast þar. Ég sá nashyrning, strút, sebrahesta, flóðhesta, gny, antilópur og villt svín. Þarna upplifði ég loks að ég væri í Afríku eins og maður hafði gert sér hana í hugarlund áður.

Maturinn var góður og bragðsterkur í Durban. Matargerðin endurspeglaði menningaráhrif frá bæði Suðru Afríku og Indlandi. Einn daginn skrapp ég ásamt öðrum í kjörbúð í nágrenni við hótelið og við vorum eiginlega eina hvíta fólkið í búðinni.

Ráðstefnan í heild var mjög áhugaverð. Málstofurnar voru þematengdar og maður hafði úr mörgu að velja daglega. Það sem vakti minn áhuga voru kennslumálefni, réttindamálefni og staða döff í heiminum gagnvart táknmálinu.

Á aðalfundi WFD var nýr formaður kosinn þar sem Markku Joinken gaf ekki kost á sér aftur. Þrír buðu sig fram til formennsku og

mikil spenna myndaðist í kringum kosninguna þar sem stuðningsmenn skiptust í þrjár fylkingar. Þeir sem voru í framboði voru: Colin Allen frá Ástralíu, Joel Murray frá Bandaríkjunum og Terry R frá Bretlandi. Colin og Joel voru taldir líklegastir til sigurs. Colin Allen var kosinn og það var tilfinningaþrungin augnablik þar sem margir felldu tár af gleði, sætur sigur hjá Colin Allen. Einnig var mikil spenna í kringum hvaða land tæki að sér að skipuleggja næstu WFD ráðstefnu árið 2015. Berlín, Mexico City og Istanbul kepptu og Istanbul fékk þann heiður að hýsa næstu ráðstefnu.

Einn dagur er mér minnisstæðastur. Hann tengdist ekki beint ráðstefnunni heldur ástandinu í heiminum. Það var dagurinn sem sprengingin varð í Osló og harmleikurinn varð í Útey. Hann varpaði skugga á allt því enginn átti von á að slíkt gæti gerst í Noregi.



Norðurlandaráð heyrnarlausra á ráðstefnunni. Þann 20. júlí var DNR með vikingakvöld þar sem um 200 gestum frá aðalfundi WFD var boðið sérstaklega. Tilgangurinn er að kynna DNR og norrænt samstarf. Þemað var „Nordic steps towards equal“ eða á lauslega á íslensku: „Norræn leið að jafnrétti“

VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA

Vínbúðin
Allianz
Ormsson
N1
Landsnet
Frón kex

Happdrætti Háskóla
Íslands
SÍBS
ERGO
Vestmannaeyjabær

Baráttan hjá heyrnarlausum heldur alltaf áfram

Viðtalið tók Kristinn Jón Bjarnason

Í febrúar sl. bauðst Jeremy Sebelius til að kenna félagsmönnum Félags heyrnarlausra ensku og amerískt tákni í sjálfböðavinnu. Námskeiðin tvö heppnuðust mjög vel og vilja félagsmenn að framhald verði á námskeiðunum. Þá predikaði Jeremy og er Miyako til aðstoðar í guðþjónustu í kirkju heyrnarlausra í dag sem djákni. Jeremy var djákni í Lúterskri kirkju í Norður-Dakóta og hefur starfað talsvert í hagsmunarmálum Félags heyrnarlausra í Norður-Dakóta (á ensku: North Dakota Association of the Deaf - NDAD) í Bandaríkjunum.

Í Norður-Dakóta er þjóðgarður sem nefnist „The Icelandic State Park“ og hann er ekki langt frá heimili afa og ömmu Jeremy. Þess má geta að um árið 1870 fluttust margir innflytjendur frá Íslandi og Noregi til Norður-Dakóta. Þess vegna eru margvísleg áhrif frá norskrri og íslenskrri menningu í fylkinu. Jeremy á ættir sínar rekja til Svíþjóðar og Noregs. Hann lærði sænsku sjálfur þar sem amma og afi hans tala sænsku við hann. „Ég á sennilega auðveldara með að læra íslensku, en bandaríkjamaður sem hefur aldrei lært sænsku, því margt í málunum er frekar líkt“, segir Jeremy. Jeremy lærði þýsku þegar hann var í Gallaudet háskólanum og var leiðbeinandi í þýsku. Ekki verður annað sagt en að Jeremy hafi nokkuð gott vald á íslenskunni, en hann hefur stundað



Jeremy Sebelius

sjálfsmál í íslensku í tvö ár. Hann segist hafa mikinn áhuga á tungumálum og að íslenskan hafi heillað hann sérstaklega. Hann sótti síðan um skólavist við Háskóla Íslands og kom til landsins í haust. Hann ætlaði að leggja stund á hagnýta íslensku en eftir stöðuprófið fór hann beint í BA nám í íslensku sem öðru tungumáli. Hann reiknar með að klára BA námið á tveimur árum ásamt því að taka ensku sem aukagrein.

Jeremy hefur haft mjög gaman að læra íslensku. Áhugi hans á orðinu „döff“ kviknaði þegar hann sá að það var ekki í orðabókum. Orðið „döff“ er tökuorð úr tákni og stendur fyrir að vera heyrnarlaus, tala tákni og að tilheyra menningarsamfélagi heyrnarlausra. Þá fór hann að grúska í orðunum „döff“, „heyrnarlaus“ og „daufur“ og bar saman orðin á norrænu málunum, eins t.d. og sænsku. Niðurstöður

voru mjög áhugaverðar og segir Jeremy það skrítið að orðið „töff“ sé að finna í orðabókum en ekki orðið „döff“, því þessi tvö orð séu bæði tökuorð í íslenskunni. Jeremy mun skrifa grein um þetta í næsta Döffblaði.

Jeremy starfaði með NDAD sem einn af leiðtogum þess, m.a. ritari og framkvæmdastjóri. Þá vann hann talsvert með myndsiða heyrnarlausra. M.a. hafði hann umsjón með ferli þingmála á vefsíðu löggjafavalds í Norður-Dakóta, þar sem málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra koma fram og skrifaði umsögn við frumvörpin. „Ein af hugmynd mínum var um sérmerkingar á ökuskríteinum“, segir Jeremy. „Þá sér lögreglan á ökuskríteininu að við erum heyrnarlaus ef við erum stöðvuð. Við þurfum að skrifast á með penna og blaði.“

Lögreglan gæti misskilið þegar við teygjum okkur í blað og penna, sem gæti litið út eins og við séum að ná í byssu í hanskahólfinu. Það gæti haft slæmar afleiðingar. Þetta verkefni hefur heppnast mjög vel, þökk sé því að stjórnin vann saman að þessu máli. Í ökuskríteininu er sérstakt tákni fyrir að einstaklingur sé heyrnarlaus ef á við“. Jeremy bætir við: „Við höfum barist fyrir því að heyrnarlausir séu ekki handjárnaðir ef þeir eru handteknir því þá þurfa þeir að tjá sig annað hvort á tákni eða skriflega. Þeir geta ekkert tjáð sig ef þau eru bundnir“. Þetta hefur mælst vel fyrir og mætt skilningi hjá yfirvöldum.

Jeremy nefnir að NDAD og North Dakota Registry of Interpreters for the Deaf (NDRID) hafa unnið saman að nýju frumvarpi sem mælir fyrir um að tákniáskráning sé með réttindi til að geta unnið í Norður-Dakóta. Ef túlkurinn er ekki með réttindi, gæti hann eða hún fengið sekt frá stjórnvöldum. Þetta er til að tryggja að heyrnarlausir fái túlk með réttindi, en ekki einhvern einstakling sem kann eitthvað í tákni. Jeremy segir þeir sem vilji verða túlk þurfi að fara í háskólanám í tákniáskráningunni, en þeir sem hafa ekki lokið háskólaprófi en hafa starfað sem túlk þurfa ekki að fara í skóla, en hafa réttindi skv. gömlum reglum. Þá telur Jeremy mikilvægt að tákniáskráning hafi möguleika á endurmenntun svo þeir staðni ekki. Jeremy segir að túlk þurfi að fá leiðsögn þegar þeir eru nýtskrifaðir og það taki mörg ár að verða góður túlkur. Jeremy segir að tákniáskráning í Bandaríkjunum sé flokkaðir í fjögur stig,

efsta stig sem þýðir að túlkur ræður við öll verkefni, í þriðja og næst efsta stig fyrir dómsmál og flókna túlkun. Í fyrsta og öðru stigi skólatúlkun. Túlkur sem hefur nýlega öðlast réttindi eða skírteini getur ekki túlkað við allar aðstæður. Samskipti þurfa að fara vel fram og heyrnarlaus einstaklingur þarf að eiga góð samskipti við heyrandi“ segir Jeremy. „Það er nauðsynlegt að gert sé reglulegt mat á táknmálstúlkum svo hægt sé að veita sem besta þjónustu“, segir Jeremy.

En hvað telur Jeremy að heyrnarlaus á Íslandi vanti helst? Hann segir að margt þurfi að gera. Meðals annars þurfi að gera áttak í textun og í öðru lagi í samskiptatækni. Þetta tvennt getur leitt til þess að heyrnarlausir verði sjálfstæðari og einangrist ekki frá heyrandi. Það er mikilvægt fyrir heyrnarlosa að hafa aðgengi að heimi heyrandi. Þegar aðgengi er lítið, getur það leitt til þess að heyrnarlausir verði einangraðir og geti ekki átt auðveld samskipti við heyrandi nema með aðstoð heyrandi og verði þannig háðari þeim.

Í Bandaríkjunum hefur textun verið í lögum í áratugi og þykir öllum sjálfsgagt. Sjónvarpsstöðvar í Bandaríkjunum finna þörf fyrir að texta og telja það ekkert tæknilegt vandamál. „Lausnir eru alltaf til en fólk býr til vandamál“, segir Jeremy. Jeremy bendir á að nýlega hafi verið samþykkt frumvarp sem heitir 21st Century Communications & Video Accessibility Act á þingi í Bandaríkjunum, sem þýðir m.a. að skylt sé að setja texta á öll opinber myndskreið á netinu frá og með janúar 2012.

Jeremy hefur fylgst vel með þróun í samskiptatækni heyrnarlosa í Bandaríkjunum þar sem hann hefur unnið talsvert að þeim málum. Hann

vann fyrir fyrirtæki í myndsimamálum og aðstoðaði heyrnarlosa við uppsetningu. Hann hefur prófað margvíslegan myndsimabúnað (video equipment) og hugbúnað fyrir myndsiða í rúmlega tíu ár. Þá hefur hann unnið fyrir myndsimafyrirtæki við að tengja og aðstoða fólk. Jeremy segir auðséð að heyrandi geti hringt í heyrandi óháð hvernig símbúnaðurinn er, s.s. heimasími eða farsími, frá einum stað til annars staðar hvar sem er í heiminum. Hann segir að þróun haldi áfram, tækni sé að verða betri og alltaf verði auðveldara að eiga samskipti sín á milli. Framtíðarsýn hans er að heyrnarlausir geti hringt til heyrandi í gegnum í táknmálstúlk eða í aðra heyrnarlosa með hvaða síma og forriti sem er í heiminum, en ekki bara í Bandaríkjunum. Jeremy segir að í dag geti heyrnarlausir í Bandaríkjunum hringt úr hvaða myndvélasiða í aðra heyrnarlosa með aðra myndvélasiða eða í gegnum tölvu. Nú eru komnir hugbúnaðir og í gegnum þá geta fleiri átt samskipti. Jeremy vill sjá slíka hugbúnaði í Evrópu og ákveðin heildstæð stefna verði mótuð í þessum málum, ekki að hver sé að vinna og berjast í sínu horni. Jeremy bendir á að það megi segja að það sé athöfn daglegs lífs heyrnarlosa að komast í samband við fólk, og án þess að aðgengi sé að upplýsingum sé ekkert sjálfstæði, ekkert val og ekkert öryggi. Heyrnarlausir verða sjálfstæðari ef boðið yrði upp á textun í ljósvakamiðlum og táknmálstúlkun í gegnum síma.

Jeremy er þeirrar skoðunar að allir sem flytjast til Íslands þurfi að læra íslensku alveg eins og innflytjendur í Bandaríkjunum læra ensku. Annars verði þau veikari í samkeppninni um

atvinnu og upplýsingar. Það getur leitt til þess að þeir þurfi alltaf að fá hjálp. Það má segja að aðengi að upplýsingum sé lykilinn og þá þurfi að hafa kunnáttu í íslensku, íslensku táknmáli og geta nálgast upplýsingar á eigin vegum, sama hvort um er að ræða textun eða aðgengi að táknmálstúlkum. Jeremy segir að sjálfsmýnd og sjálfstraust heyrnarlosa



Jeremy Sebelius í Kirkju heyrnarlosa 11. desember. Mynd: Adam Skrzyszewski

myndi batna til muna ef fullt aðgengi vær í boði.

Jeremy segir að Ísland gæti verið áhugaverður kostur fyrir heyrnarlosa alls staðar að í heiminum til að stunda háskólanám. Í Evrópu deild Gallaudet háskólans voru t.d. vonir til þess að sett yrði upp sérstök deild fyrir heyrnarlosa árið 1998. Enn í dag eru engir háskólar í Evrópu sem er ætlaðir eru fyrir heyrnarlosa eða eru með sérstakt prógramm fyrir þá. Flestallar kennslubækur eru á ensku í háskólanámi og því geta erlendir heyrnarlausir nýtt sér þær. En erlendir nemendur þurfa að læra íslenskt táknmál og telur Jeremy að það styrki þá betur en að tala alþjóðlegt táknmál.

Jeremy, er eitthvað sem þú vilt segja að lokum? „Mig langar til að segja frá því að þegar Gallaudet fékk fyrsta heyrnarlosa rektor skólans, I. Jordan King á árinu 1998, var slagorð hans „Daufr geta gert allt nema heyr“ og því vil ég hvetja heyrnarlosa á Íslandi að berjast fyrir mannréttindum þeirra en ekki að sitja aðgerðalausir, því ekkert kemur af sjálfu sér. Heyrnarlausir þurfa að láta í sér heyrna og styðja hver annan. Ef heyrnarlausir gera það ekki sjálfir, gerir enginn það fyrir þá“, sagði Jeremy

Gagnlegar vefslóðir:

- North Dakota Association of the Deaf: <http://www.nddeaf.org>
- National Association of the Deaf: <http://www.nad.org/>
- The Icelandic State Park: <http://www.parkrec.nd.gov/parks/isp/isp.html>
- Myndsímar: <http://en.wikipedia.org/wiki/Videophone>
- Coalition of Organizations for Accessible Technology: <http://www.coataccess.org/>

Réttarstaða heyrnarlausra og heyrnarskertra

Eftir Sindra Mar
Jónsson

Áhugi á málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra leiddi mig til þess að rannsaka réttarstöðu heyrnarlausra og heyrnarskertra í lokaverkefninu mínu til Bs. gráðu í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst. Lokaritgerðin mín fjallar um réttarstöðu heyrnarlausra og heyrnarskertra og hvernig hún tekur mið af jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Hér er stuttur úrdráttur úr ritgerðinni en hægt er að kynna sér efni ritgerðinnar á vefsvæði skemmunar.

Kveikjan að ritgerðinni var viðurkenning íslenska táknmálsins sem móðurmál heyrnarlausra og heyrnarskertra með lögum nr. 61/2011 um íslenska tungu og íslenskt táknmál. Ritgerðinni var ætlað að svara hvaða lögmálum ríkisvaldið og heyrnarlausir og heyrnarskertir þurfa að lúta gagnvart réttarskipuninni. Ritgerðin takmarkast að mestu leyti við málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra. Að miklu leyti má þó yfirfæra efni hennar á málefni fatlaðra almennt. Til þess að skýra út áhrif jafnræðisreglu á réttarstöðu heyrnarlausra og heyrnarskertra eru einnig leidd út svokölluð stjórnarskrárbundin viðmið, en það eru viðmiðunarreglur sem leiða má út frá réttarframkvæmd og njóta stjórnarskrárbundinnar verndar.

Á árum áður var því borið við að heyrnarlausir og heyrnarskertir væru málleysingjar. Slíkt þykir í dag bera vott um fáfræði eða fordóma og hefur réttindabarátta heyrnarlausra og heyrnarskertra í meginatriðum verið að fá viðurkenningu samfélagsins á táknmáli sem móðurmáli heyrnarlausra og heyrnarskertra. Heyrnarlausir og heyrnarskertir hafa almennt hafnað þeirri skilgreiningu að þeir séu málleysingjar og líta á sig sem málhafa enda er táknmál þeirra mál.¹

Stjórnvöld hafa mátt þola gagnrýni dómstóla sökum þess að þau grundvallaréttindi sem tryggja hag heyrnarlausra og heyrnarskertra samkvæmt stjórnarskrá hafa ekki verið virt. Samkvæmt lögum og túlkun stjórnvalda má segja að litið hafi verið á táknmálstúlkun sem félagslegt úrræði vegna fötlunar. Táknmálið hefur ekki notið stöðu tungumáls heldur stöðu hjálpartækis eða þjónustu í huga stjórnvalda, löggjafans og jafnvel dómstóla. Réttarstaða heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur því yfirleitt tekið mið af því að þeir séu fatlaðir og að það sé fötlun þeirra sem veiti þeim rétt til úrræða til þess að skilja eigið tungumál. Hins vegar hefur einmitt krafa réttindabaráttu heyrnarlausra og heyrnarskertra verið sú

1 (Júlía Hreinsdóttir, 2006)

að táknmál þeirra njóti viðurkenningar sem móðurmál, en þeir eiga nú sitt eigið móðurmál samkvæmt íslenskum lögum. Réttur þeirra til að nota íslenskt táknmál sem sitt móðurmál er því afdráttarlausari sökum þess að táknmál er lögfest móðurmál þeirra og íslenska þjóðin orðin tvítyngd.

Réttindum heyrnarlausra og heyrnarskertra til túlkunar hefur þó eftir atvikum einnig verið samsamað til réttinda útlendinga samkvæmt dómstólum. Sú staða kannski öðruvísi núna þar sem löggjafinn setur táknmálið í sömu réttthæð og íslenska tungu. Staða heyrnarlausra og heyrnarskertra er því ekki lengur sú að aðaláherslan skuli vera lögð á þá sem fatlaða einstaklinga eða sambærileg stöðu útlendinga, heldur að þeir eigi rétt á að tjá sig á sínu eigin tungumáli án hafta. Réttarstaða heyrnarlausra og heyrnarskertra er því orðin ríkari. Heyrnarlausir og heyrnarskertir geta nú byggt rétt sinn til táknmálstúlkunar annars vegar á grundvelli heyrnarleysis eða heyrnarskerðingu sem fötlun og hins vegar á grundvelli þess að íslenskt táknmál er móðurmál þeirra.

Athyglisvert er þó að sá þröskuldur sem heyrnarlausir og heyrnarskertir hafa þurft að yfirstíga er ekki endilega af fjárhagslegum toga, heldur lítur að viðleitni stjórnvalda og stofnanna til að sinna lögboðnum skyldum sínum í samræmi við óskir þeirra sem eiga í



hlut án tillits til kostnaðar. Vandinn virðist stundum vera skilningsleysi eða viljaleysi þeirra sem lögum samkvæmt eiga að tryggja aðgengi heyrnarlausra og heyrnarskertra að samfélaginu. Sá vandi er einmitt ekki endilega háður fjármagni sem er yfirleitt sú afsökun sem oftast er notað til afsökunar á lélegri þjónustu eða skort á þjónustu. Allir sem veita almenna lögákveðna þjónustu þurfa að taka tillit til krafna heyrnarlausra og heyrnarskertra séu þær innan málefnalegra og löglegra marka til að samfélagið teljist aðgengilegt á grundvelli jafnræðissjónarmiða. Þó svo að stjórnvöld og stofnanir hafi forræði á eigin málefnum og sé það í sjálfsvald sett hvernig þær sinna sínum lögákveðnu skyldum, er ekki þar með sagt að ekki þurfi að taka tillit skoðanna þeirra sem njóta þjónustunnar og aðlagast að óskum þeirra. Þessi sjónarmið voru meginsteffin í niðurstöðu Hæstaréttar þegar félag heyrnarlausra átti í ágreiningi við Ríkisútvarpið. Þó svo að Ríkisútvarpið taldi sig vera sinna skyldum sínum þá var talið að þar sem óskir félagsins voru virtar að vettugi, án málefnalegra raka, hefði ríkisútvarpið mismunað heyrnarlausum.

Óvissuferð aldraðra

Myndir: Anna Jóna Lárusdóttir

Að auki hvílir á þeim sem hafa lögákvæðna þjónustuskyldu gagnvart almenningi, skylda til þess að setja sér almennar reglur um með hvaða hætti þau ætla að sinna þjónustuskyldum sínum gagnvart heyrnarlausum og heyrnarskertum þar sem þeir eru hluti af almenningi. Fjárskortur og óframkvæmanleiki er í raun þær einu ástæður sem hægt er að vísa til sem leyfa takmarkanir á lögákvæðinni þjónustuskyldu. Slíkar ástæður verða þó að vera reistar á rökum. Allt of auðvelt er þó að bera fyrir sig fjárskorti eða ómöguleika, og þurfa því heyrnarlausir og heyrnarskertir að vera vel á verði og gagnrýnir á slík svör.

Mig langar að óska heyrnarlausum og heyrnarskertum til hamingju með þann áfanga sem náðst hefur, en einnig að ítreka að þeir þurfi að vera vel á verði svo þeir fái notið réttinda sinna. Réttinum til að nota táknmál sem eigið tungumál verður að beita rekist menn á tjáskiptahindranir og mikilvægt er að hafa í huga að ástæðan fyrir því að það þurfti að lögfesta umrædd réttindi var vegna þess að heyrnarlausum og heyrnarskertum er oft mismunað. Mismunun er ekki endilega sýnileg og felur oftár í sér athafnaleysi, frekar en beinar athafnir.

Hægt er að lesa ritgerðina í á slóðinni: <http://skemman.is/handle/1946/10023>



Föstudaginn 20. maí fóru aldraðir í óvissuferðalag. Fyrst var farið á Hvolsvöll í fæðingarbæ Ingibjargar Andrésdóttur. Skólinn hennar var skoðaður ásamt kirkjunni sem hún fermdist í. Nesti var snætt í Kverkinni rétt hjá Seljalandsfossi. Byggðasafnið á Skógum var heimsótt og skoðað með táknmálstúlki og svo drukkið kaffi og kökur með á eftir.

Á Þorvaldseyri tók Ólafur á móti hópnum og myndband var sýnt. Tómas bauðst til að túlka fyrir hópinn. Hópurinn fór svo á hótél Rangá þar sem Ingibjörg tók mjög vel á móti hópnum og voru herbergin skoðuð. Kvöldverður var snæddur á hótelinu og komið til baka til Reykjavíkur seint um kvöldið. Allir voru mjög ánægðir með ferðina og þótti hún heppnast mjög vel. Þess má geta þess að daginn áður hófst eldgos í Grímsvötnum



Nestið snætt við Seljalandsfoss



Kvöldverður snæddur á hótél Rangá



Á Þorvaldseyri



Á hótél Rangá

Jólagleði



Jólagleði var haldin í Félagi heyrnarlausra föstudagskvöldið 9. desember. Í ár voru um 51 gestir skráðir til þátttöku í jólagleðinni sem samanstóð af góðum mat, happadrætti og skemmtiatriðum. Umsjón með jólagleðinni var í höndum deild aldraðra og menningardeildar félagsins ásamt nokkrum sjálfboðaliðum. Allir voru ánægðir og fóru saddir heim.

Jólaball Litluputtalinga



Jólaball Litluputtalinga var haldið í Félagi heyrnarlausra laugardaginn 10. desember. Margir krakkar mættu á jólaballið og tveir glaðir jólasveinar komu í heimsókn, færðu þeim nammipoka og glöddu litlu hjörtun með nærveru sinni.

Ferð með Gerðubergi til Hveragerðis



Þann 6. maí sl. fór hópur aldraðra með Gerðubergi í ferðalag til Hveragerðis. Heyrnarlausir skoðuðu garðyrkjustöð Ingibjargar í Hveragerði á meðan heyrandi voru að syngja á Hótel Örk. Síðan fóru heyrnarlausir á Hótel Örk og fengu kaffi og kökur. Heimkoma var um hálf sex.

Vel sótt Jólabingó



Jólabingó Félags heyrnarlausra var mjög vel sótt og var fullt hús af gestum. Aldraðir sáu um bingóið og var safnað í sjóð aldraðra.



Doktorsvörn við Menntavísindasvið um rannsókn á kennslu heyrnarlausra

Föstudaginn 11. mars sl. fór fram doktorsvörn frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Þá varði Karen Rut Gísladóttir íslenskukennari á táknaáskóla Hlíðaskóla doktorsritgerð sína „I am Deaf, not illiterate: A hearing teacher's ideological journey into the literacy practices of children who are deaf“ sem má þýða á íslensku - Ég er heyrnarlaus, ekki ólæs: Hugmyndafræðilegt ferðalag heyrandi kennara inn í lestrar- og ritunaraudlindir heyrnarlausra nemenda. Andmælendur voru Jean McNiff prófessor við York St John University og James Paul Gee prófessor við Arizona State University. Leiðbeinendur Karenar voru dr. Hafþór Guðjónsson dósent í kennslufræðum, dr. Hafdís Guðjónsdóttir dósent í kennslufræðum og sérkennslufræðum, bæði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og dr. Amy Suzanne Johnson Lachuk prófessor við University of South Carolina.

Ritgerðin lýsir rannsókn sem Karen gerði á eigin kennslu en hún hefur kennt heyrnarlausum nemendum íslensku um árabíl. Í kennslunni hefur Karen reynt að tileinka sér nýjar kennsluáferðir sem fela í sér að byggja á hæfileikum nemenda og þeim auðlindum sem þeir búa yfir og eiga rætur í lífi þeirra utan skólans. Til að skilja auðlindir nemenda og hvernig þær birtast innan kennslustofunnar hélt Karen rannsóknardagbók þar sem hún skráði atvik úr eigin kennslu, tók viðtöl við

foreldra og nemendur sem varpað gætu ljósi á hvernig lestur- og ritun birtist í daglegu lífi nemanda og safnaði verkefnum nemenda. Í rannsókn sinni studdist Karen ennfremur við fræðikenningar New Literacy Studies en þær beina athygli rannsakenda að félags- og menningarlegri reynslu nemenda og hvernig nýta megi þessa reynslu í skólastofunni til að efla lestrar- og ritunarfærni þeirra.

Í ritgerðinni lýsir Karen 1) tilraunum sínum til að nýta sér kenningar New Literacy Studies í skólastofunni, 2) þeim stofnana- og hugmyndafræðilegu hindrunum sem hún þurfti að glíma við til að skapa rými fyrir reynslu nemenda innan kennslustofunnar og 3) hvernig starfshættir hennar þróuðust. Niðurstöður ritgerðarinnar beina athygli að því mikilvæga hlutverki sem rannsóknir kennara geta haft á breytingar í skólastarfi fái þeir það rými og þann stuðning sem til þarf til skoða eigin kennslu í gegnum fræði sem hjálpa þeim að skilja þann flókna veruleika sem birtist þeim innan kennslustofunnar.

Karen Rut Gísladóttir er fædd í Reykjavík árið 1973. Hún lauk stúdentsprófi frá Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi árið 1993, BA-prófi í íslensku og íslensku táknaáli frá HÍ árið 1998, M.Paed. prófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá HÍ árið 2001 og M.Sc.-prófi í kennslu- og



Dr. Karen Rut Gísladóttir

námsskráfræðum frá University of Wisconsin-Madison árið 2005. Karen starfaði sem almennur bekkjarkennari við Vesturhlíðarskóla veturinn 2000-2001 og sem íslenskukennari á táknaáskóla Hlíðaskóla frá 2006 til dagsins í dag. Karen er gift Arinbirni Ólafssyni verkfræðingi. Þau eiga tvö börn, Þórfríði

Inu 12 ára, Eini Sturlu 6 ára og það þriðja er á leiðinni.

Félag heyrnarlausra óskar Karenu til hamingju með doktorsvörnina. Þess má geta að þetta er í fyrsta skipti sem skrifuð er doktorsritgerð um heyrnarlausra á Íslandi.

Eintak af ritgerðinni er hægt að nálgast í rafrænu formi á eftirfarandi vefsíðu: http://skemman.is/stream/get/1946/7797/20383/1/PhD_thesis_March_2011_-_Karen_Rut_Gísladóttir.pdf.

Einnig er hægt að kaupa útprentað eintak á 2000 kr. Þeir sem hafa áhuga á því geta sent Karenu tölvupóst á karenrut@hi.is.

Samkaup

KEILUMÓT

Íslendingar á alþjóðlegu keilumóti í Finnlandi



Mynd frá vinstri; Anna Óladóttir og Ragnheiður Þorgilsdóttir

Dagana 4. til 6. ágúst var haldin alþjóðleg mót í keilu í Lahti í Finnlandi. Frá Íslandi tóku þátt, Anna Óladóttir, Ragnheiður Þorgilsdóttir, Elsa Björk Stefánsdóttir, Þröstur Friðþjófsson, Stefán Henriksson, Jóhann R. Ágústsson og Jóel E. Einarsson. Ragnheiður og Anna Kristín urðu í þriðju sæti í tveggja manna keppni. Ragnheiður varð í 5. sæti í einstaklingskeppni. Hún byrjaði vel, en fór niður í 8. sæti og svo reif sig upp og endaði í fimmta sæti.

STYRKUR

Rafís veitir Félagi heyrnarlausra styrk



Þröstur Friðþjófsson markaðs- og fjárflyunarstjóri Félags heyrnarlausra, tekur við styrknum frá Rafiðnaðarsambandinu fyrir hönd Félags heyrnarlausra. Á myndinni er Haukur Ágústsson, áður gjaldkeri Rafiðnaðarsambandsins, að afhenda þresti styrkinn á aðalfundi Rafiðnaðarsambands Íslands. Félag heyrnarlausra færir Rafiðnaðarsambandi Íslands kærar þakkir fyrir styrkinn

STYRKUR

Sorpa veitir Félagi heyrnarlausra styrk til útgáfu á mynddiski



Góði hirðirinn, nytjamarkaður SORPU, hefur um árabíl getið af sér gott orð og notið vinsælda meðal almennings. Almennitur hefur einnig lagt sitt af mörkum og gefið notaða hluti í nytjagáma Góða hirðsins og eða verslað í markaðinum. Föstudaginn 7. október, veitti Sorpa styrki af ágóða sölu nytjamuna í Góða hirðinum, samtals rúmar 9,3 milljónir króna til 11 aðila. Félag heyrnarlausra hlaut styrk til útgáfu á dvd diskum ætluðum börnum til fræðslu um táknmál. Aðrir sem fengu styrk voru; NPA miðstöðin fyrir fræðsluefni fyrir ungt fatlað fólk, Dreklaslóð fyrir fræðsluefni og námskeiðahald fyrir þolendur ofbeldis, Vímulaus æska til stuðnings og úrræða fyrir ungt fólk, Unghugar til eflingar og sjálfstyrkingar, Fjölsmiðjan til kaupa á brennsluofni, Heimili og skóli til fræðslu vegna eineltis, Íþróttafélagið Ösp til greiðslu á húsaleigu fyrir skautaiðkun fatlaðra, Hjálparstarf kirkjunnar fyrir inneignarkort, Rauði Krossinn fyrir verkefnið Gott, hollt og ódýrt með Rauða Krossinum og að lokum samstarfsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og Rauða Krossins vegna námskeiðahalds.

Þröstur Friðþjófsson markaðs- og fjárflyunarstjóri tók við styrknum fyrir hönd Félags heyrnarlausra.

Betri þjónusta í Vörðunni

Varðan er vildarþjónusta fyrir viðskiptavini Landsbankans. Markmið þjónustunnar er að veita yfirsýn yfir fjármálin, persónulega þjónustu og fríðindi fyrir heildarviðskipti.

Kynntu þér Vörðuna eða pantaðu Vörðuráðgjöf á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.





**HVER ER
EFTIRLÆTIS
TALAN ÞÍN?**

Leyfðu þér smá Lottó!

